

ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR
Leitar til uglulampans um svör við lífsgátunni

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD
Innlit í tveggja hæða íbúð í Teigunum

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

5. október 2009 — 235. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Vildum skemmta okkur

Hljómsveitin Skítamórall er 20 ára.

TÍMAMÓT 16

Brottnumdir af geimverum

Pálmi Gunnarsson og Magnús Eiríksson eiga sér sérkennilega sögu.

FÓLK 30

Glæsilegir tónleikar

Gunni Þórðar fór á kostum í Borgarleikhúsinu.

FÓLK 22

Fyrsti bikar Blika

Karlalið Breiða-bliks varð bikarmeistari í fyrsta skipti um helgina.

ÍÞRÓTTIR 26

fyrir allar dætur

ömmur - mömmur - systur - vinkonur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini

Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur

5 15 25 35 45 þúsund

VEÐRIÐ Í DAG

Hlýnar lítillga Í dag verða austlægar áttir, víða 3-8 m/s en hvassara allra syðst. Búast má við rigningu við suðausturströndina en annars eru horfur á slyddu- eða snjóéljum við strendur landsins.

VEÐUR 4

Nýjung!

FLUX

Flux Junior fyrir börn 6-12 ára

Sterkar tennur og fallegt bros. Flux flúormunnskol fyrir alla fjölskylduna. Fæst í næsta apóteki.

actavis

hagur í heilnu

Rannsaka bréf forsetans

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur fengið sautján bréf frá forseta Íslands til erlendra aðila í þágu bankanna afhent. Meðal annars er um að ræða bréf til Bills Clinton, fyrrverandi forseta Kína og emírsins af Katar.

EFNAHAGSMÁL Rannsóknarnefnd Alþingis hefur óskað eftir og fengið afhent afrit sautján bréfa sem forseti Íslands skrifaði erlendum áhrifamönnum í þágu umsvifa íslenskra fjármálastofnana erlendis.

Bill Clinton, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Al Gore fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, Hamad Bin Khalifa Al Thani, emír af Katar, Hu Jintao, forseti Kína, Jiang Zemin, fyrrverandi forseti Kína, og Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, eru meðal þeirra sem fengu bréf frá forsetanum, ýmist rituð til stuðnings íslenskum fjár-

málastofnunum eða þá að vikið er að bankarekstrinum í efni bréfa.

Fimm af bréfunum þrettán eru send á síðasta ári, þar af tvö til Hamad Bin Khalifa Al Thani, emírs af Katar.

Þetta kemur fram í bréfaskiptum forsetaembættisins og rannsóknarnefndar Alþingis, sem Fréttablaðið hefur fengið aðgang að með vísan til upplýsingalaga. Sjálf bréfin hafa hins vegar ekki verið gerð opinber.

Rannsóknarnefnd Alþingis ritaði forseta bréf 11. ágúst og óskaði eftir afritum af fjórum tiltekn-

um bréfum forsetans og spurðist fyrir um önnur bréf sem skrifuð hefðu verið „til stuðnings íslenskum fjármálastofnunum eða fyrrsvarsmönnum þeirra á tímabilinu 2000 til og með 2008“.

Í svarbréfi forsetaembættisins til rannsóknarnefndar Alþingis frá 27. ágúst eru tilgreind 13 bréf, auk þeirra fjögurra sem beðið var um. Aðeins eitt þeirra hafi verið gagnert skrifað í þágu fjármálafyrirtækis en í hinum sé vikið að starfsemi íslenskra banka í tilteknu landi eða þeirra getið í framhjálaupi um leið og fjallað er um önnur efnisatriði.

Í einu bréfanna sé „nefnt það áhugamál fyrrsvarsmanns eins þeirra að fá William Jefferson Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, til að halda ræðu á Íslandi“, eins og segir í svari forsetaembættisins til rannsóknarnefndar Alþingis.

„Aðeins í einu tilviki hefur forseti skrifað bréf gagnert til stuðnings íslensku fjármálafyrirtæki, en það er bréf til forseta Kasakstans þar sem fjallað er um fyrirhugaða starfsemi Creditinfo Group í landinu,“ segir í svari Örnólfs Thorssonar forsetaritarar.

- pg / sjá síðu 4

VATNSSLAGUR Á VERÐLAUNAPALLINUM Valsstelpur fögnuðu frábæru sumri með því að hella úr vatnsflöskum yfir hver aðra eftir að liðið vann bikarinn í gær. Hér er fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir í fararbroddi í vatnsslag Valsstelpna á verðlaunapallinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við pökkuðum þeim saman

Þjálfari Valskvenna:

FÓTBOLTI Valskonur tryggðu sér tvöfaldan sigur í kvennafótboltanum í sumar þegar liðið vann 5-1 sigur á Breiðabliki í framlengdum bikarúrslitaleik í gær.

Valur lenti 0-1 undir í leiknum en náði að jafna og tryggja sér framlengingu þar sem liðið fór á kostum og skoraði fjögur mörk.

Laufey Ólafsdóttir tók fram skóna á miðju tímabili og gerði gæfumuninn fyrir Valsliðið í leiknum í gær. Hún skoraði tvö mörk eftir að hafa komið inn á sem varamaður seint í leiknum. „Við bara pökkuðum þeim saman í framlengingunni,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Valsliðsins, sem er búinn að gera frábæra hluti með liðið í sumar.

Valur hefur orðið Íslandsmeistari undanfarin fjögur ár en þetta er í fyrsta sinn frá 2006 að liðið vinnur tvöfalt.

- óój, egm / sjá síðu 26

Líf ríkisstjórnarinnar hangir á blápræði og framtíðin skýrist í vikunni:

Klofningur hjá Vinstri grænum

STJÓRNMÁL Þingflokkur Vinstri grænna er klofinn í afstöðu sinni gagnvart ríkisábyrgð vegna Icesave. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir þingflokksformaður var mjög stóroröf í Silfri Egils í gær og sakaði ríkisstjórnina um ólýðræðisleg vinnubrögð. Hún kallaði eftir því að Ögmundur Jónasson sneri aftur sem ráðherra og sakaði aðra ráðherra um að hafa samþykkt Icesave óséd.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að yfirlýsingar Guðfríðar hafi valdið miklum titringi í flokknunum. Á þingflokksfundi fyrir helgi bundust menn fastmælum að vera sparir á yfirlýsingar í fjölmið-

um og halda deilum innan flokks. Guðfríður þykir ekki hafa staðið við það. Þá eru aðrir ráðherrar ósáttir við ásanir hennar um að hafa samþykkt Icesave óséd og að Ögmundur hafi verið rekinn úr stjórninni. Þeir hafi ekki frétt af því fyrr en hann sjálfur boðaði til blaðamannafundar. Reglulegur þingflokksfundur verður haldinn í dag.

Samfylkingin er óþolinmód gagnvart samstarfsflokknunum og vill fá niðurstöðu í Icesave. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er líklegast að málið komi fyrir Alþingi fljótlega. Hljóti það meirihlutastuðning standi stjórnin, annars ekki.

- kóp

6 tommu bátur

349 krónur

Kafbátur mánaðarins • október

skinkubátur

SUBWAY

muundu eftir mjólkinni!

muu

SPURNING DAGSINS



Er enginn á vakt til að fanga skúrkana?

„Við erum allavega alltaf á vaktinni.“ Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁIS, óttast að ef ekkert verði að gert haldi netþjótar áfram að stela Fangavaktinni.

Telegraph rýnir í vegabréf:
Forseti Írans af
gyðingaættum

ERLENT Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, er úr gyðingafjölskyldu sem snerist til íslam þegar hann var fjögurra ára gamall.

Þetta var fullt í breska blaðinu The Daily Telegraph í gær.

Bláamenn byggja fullyrðingu sína meðal annars á athugun sem þeir gerðu á ljósmynd sem tekin var í forsetakosningunum þar í landi í fyrra. Á myndinni heldur forsetinn vegabréfi sínu galopnu og sé í það rýnt má sjá að ættarnafn hans var eitt sinn Sabourjian, en það er gyðinganaft og þýðir vefari. Forsetinn hefur margsinnis lýst yfir andúð sinni á gyðingum, meðal annars sagt að Ísrael ætti að afmá af landakorti auk þess sem hann hefur dregið í efa að helförin hafi átt sér stað.

- kdk

Mega ekki ganga að veðum:
Coca Cola þrýsti
á Kaupþing

FJÁRMÁL Coca Cola á Norðurlöndum hótaði Kaupþingi því að svipta Víðifelli átöppunarleyfi fengi Þorsteinn M. Jónsson ekki að halda fyrirtækinu áfram og gera það þar með nær verðlaust. Þetta kom fram í RÚV í gærkvöldi.

Í þættinum sagði einnig að heildarskuldur félaga Þorsteins væru um 13 milljarðar. Nýja Kaupþing hefði þó ekki getað gengið að Víðifelli vegna skulda Þorsteins.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, staðfesti að hann hefði fundið fyrir þrýstingi frá Coca Cola vegna málsins. Málinu væri þó ekki lokið.

- kdk

2FRÉTTABLAÐIÐ

Fjórir karlmenn í annarlegu ástandi taldir hafa ráðist á einn og náðust síðar:
Erlendur maður stunginn og
laminn í íbúð á Spítalastíg

LÖGREGLUMÁL Áverkar mannsins sem var stunginn og laminn á Spítalastíg í Reykjavík aðfaranótt sunnudags voru ekki alvarlegir. Hann fékk að fara heim á sunnudagsmorgun.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu réðust fjórir menn á manninn í íbúð á Spítalastíg um þrjú leytið aðfaranótt sunnudags. Hann var bæði stunginn og laminn. Að sögn lögreglu er ástæða árásarinnar óljós. Sex manns voru í íbúðinni þegar

maðurinn var stunginn. Hinir meintu árásarmenn voru allir fjórir handteknir seinni partinn í gær. Þrír voru saman í bíl á Höfðabakka og sá fjórði fannst annars staðar skömmu síðar. Allir mennirnir, fórnarlambið og ofbeldismennirnir, eru af erlendu bergi brotnir. Þeir voru í annarlegu ástandi og voru látnir sofa úr sér áður en hægt var að yfirheyra þá. Þeir munu allir hafa komið við sögu lögreglu áður.

Lögregla rannsakar málið áfram.



ÁRÁS Á SPÍTALASTÍG Fjórir menn stungu og lögdu mann í íbúð á Spítalastíg.

Skrifar ástarbréf
fyrir orkufyrirtækin

Steingrímur J. Sigfússon hefur skrifað meðmælabréf fyrir orkufyrirtæki til erlendra fjárfesta vegna stóriðju á suðvesturhorni. Fjármálaráðherra segir fjármögnun standa í vegi framkvæmda en ekki ákvörðun umhverfisráðherra.

VIRKJANIR Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur ritað meðmælabréf fyrir HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur til erlendra fjárfesta. Bréf af þessu tagi eru gjarnan nefnd ástarbréf og er ætlað að liðka til fyrir fjárfestingum hérlendis. Steingrímur staðfestir þetta en vill að öðru leyti lítið tjá sig um efni bréfanna.

Ráðherra segir eðlilegt að aðstoða við fjármögnun við þær aðstæður sem nú eru uppi. Fjármálamarkaður sé í frosti og því sé eðlilegt að liðka fyrir. „Það stendur allt sem við höfum sagt að við styðjum og greiðum götu þeirra framkvæmda sem ákveðnar höfðu verið áður en við komum í ríkisstjórn. Þá erum við áhugasöm um að skoða ný verkefni,“ segir Steingrímur.

Sú ákvörðun Svandísar Svavarsdóttur að fella úr gildi úrskurð Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir tengdar álverinu í Helgúvík þurfi ekki að fara í sameiginlegt umhverfismat hefur verið nokkuð gagnrýnd, ekki síst af fulltrúum atvinnulífsins. Hafa þeir sakað ráðherra um að bregða fæti fyrir verkefnið og það stangist á við stöðugleikasáttmálanum.

Steingrímur segir að menn ættu frekar að huga að fjármögnuninni. „Vandamálið hefur fyrst og fremst verið að fjármögnun er í frosti. Tafir á verkefninu er ekki neinu öðru um að kenna.“

Hann segir umhverfisráðherra einfaldlega hafa heimilað frekari skoðun málsins og óskað eftir frekari gögnum. Engin efnisleg afstaða sé tekin til málsins og ekki ætti

á vegi álvers í Helgúvík hrint úr vegi, svo eitthvað sé nefnt.

Steingrímur segir ýmislegt hafa gengið eftir sem samið var um í sáttmálanum. Ákveðnir hlutir hafi tafist, svo sem vaxtalækkun, vegna Icesave. „Ég held að það væri mikið glapræði að gefa sér fyrirfram að menn væru betur settir með því að segja upp kjarasamningum eða auka á óstöðugleikann með því að stefna því mikilvæga samstarfi sem náðist á milli ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðar í hættu.“

kolbeinn@frettabladid.is



FRAMKVÆMDIR VIÐ HELGUVÍK Fjármálaráðherra hefur liðkað fyrir fjármögnun álvers við Helgúvík og virkjana því tengdu. Hann segir þó nokkuð skorta upp á að fjármögnun sé lokið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

ýmsum áföngum að hafa verið náð 1. nóvember, stýrivextir komnir í eins stafs tölu, losað hafi verið um gjaldeyrishömlur og hindrunum

5. október 2009MÁNUDAGUR

Skólanefnd Akureyrar:
Skerða greiðslu
fyrir dagmóður

BÖRN Greiðslur til foreldra á Akureyri vegna þjónustu dagmæðra verða skertar. Skólanefnd bæjarins segir að greiðslur vegna þjónustu dagforeldra stefni í tíu milljónir fram úr áætlun. Því miður sé ekki svigrúm til annars en að stytta niðurgreiddan þjónustutíma.

Eftir 15. nóvember fá foreldrar því aðeins niðurgreidda að hámarki sjö klukkutíma vistun daglega í stað átta tíma nú. Þá verður ekki lengur niðurgreitt fyrir börn hjóna og sambúðarfólks fyrr en börnin eru orðin eins árs í stað níu mánaða eins og verið hefur.

- gar

SIGURVEGARI George Papandreou verður þriðji ættliðurinn í forsetastóli í Grikklandi. Faðir hans, Andreas, og afi og alnafni voru báðir forsætisráðherrar.



NORDICPHOTOS/AF

Stjórnarskipti í Grikklandi:
Sósíalistar
unnu kosningar

GRIKKLAND Pasok, flokkur sósíalista í Grikklandi, vann sigur í kosningum í landinu í gær. Costas Karamanlis forsætisráðherra viðurkenndi ósigur sinn og óskaði George Papandreou til hamingju með sigurinn.

Karamanlis boðaði til kosninga á miðju kjörtímabili með það fyrir augum að sækja sér nýtt umboð til að kljást við efnahagsmálin. Það mistókst og þegar um helmingur atkvæða hafði verið talinn í gær hafði Pasok fengið ríflega þau 43 prósent atkvæða sem nauðsynleg eru til að komast í meirihluta. Flokkurinn hefur verið í andstöðu í fimm ár. Nýtt lýðræði, flokkur Karamanlis, hlaut um 35 prósent atkvæða.

- kóp

Auður fyrir þig

Auður Capital veitir fjárfestingaþjónustu með áherslu á gagnsæi og áhættumeðvitund.

Við getum séð um
séreignarsparnaðinn þinn

Velkomin á opna kynningu til okkar
mánudaginn 5. okt. kl. 17:15,
Borgartúni 29, 3. hæð.

audur.is - 585 6500

Eignastýring - Fjárfestingar - Fyrirtækjaráðgjöf - Séreignarsparnaður



Nýi skólinn í gömlu Heilsuverndarstöðinni enn í bið:
Ólafur og Þorvaldur úr skólastarfi

MENNTAMÁL Bæði Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður og Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistarmaður, hafa ákveðið að vera ekki í hópi eigenda nýs grunnskóla sem á að vera í húsnaði gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. „Þetta var enginn hvellur,“ segir Þorvaldur og útskýrir að vera Ólafs í Þýskalandi, þar sem hann leikur handbolta, hafi ráðið því að aðkoma hans yrði fremur lítil. Þorvaldur sjálfur segist svo vilja halda sig við ritstörf, það sé hans heimavöllur, en hann sé þess fullviss að þær Jenný Guðrún Jónsdóttir kennari og Edda Huld Sigurðardóttir, fyrrverandi skólastjóri Ísaksskóla, muni sjá til þess að skólinn verði til fyrirmyndar en þau fjögur hafa staðið að undirbúningi skólans sem fengið hefur nafnið Menntaskólinn.

Þorvaldur útbjó námskrá fyrir skólann og segist hann vilja fá að fylgjast með því starfi sem þar fer fram og veita liðsinni þótt hann komi ekki að honum sem eigandi eins og fyrst stóð til. Skólinn átti einnig upphaflega að taka til starfa í haust en enn er ekki búið að afgreiða umsókn hans úr menntamálaráðuneytinu. „Hvort sem skólinn tekur til starfa um ára-

mót eða næsta haust þá verður þar gott starf,“ segir Þorvaldur. Ekki náðist í Ólaf, Eddu eða Jennýju við vinnslu fréttarinnar.

- kdk



ÞÓSTANDENDUR SKÓLANS Edda Huld, Þorvaldur og Jenný Guðrún. Á myndina vantar Ólaf.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öruggara Internet

Þrjár mismunandi síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:

- 1** Barnaklám, njósnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.
- 2** Klámfengið efni, upplýsingar um eiturfylf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.
- 3** Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.

Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.

Ef þú ert með Internetáskrift hjá Símanum þá fylgir Netvarinn án aukagjalds.

Virkjaðu Netvarann á siminn.is eða í 800 7000.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn** 



Samstarf við SAFT

Síminn er í samstarfi við SAFT, vakningarátak um örugga tækni-notkun barna og unglunga á Íslandi. Kynntu þér Netheiliræðin á saft.is

Í samstarfi við



GENGIÐ 02.10.2009		
GJALDMIÐLAR		KAUP SALA
Bandaríkjadalur	124,94	125,54
Sterlingspund	198,07	199,03
Evra	181,64	182,66
Dönsk króna	24,395	24,537
Norsk króna	21,445	21,571
Sænsk króna	17,733	17,837
Japanskt jen	1,3971	1,4053
SDR	196,95	198,13
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR		234,4279
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Dagný Ósk Aradóttir Pind: Formaður ungliðahreyfingar

STJÓRNMÁL Dagný Ósk Aradóttir Pind var kjörin formaður Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar, á landsþingi um helgina. Dagný er meistara-nemi í lögfræði við Háskóla Íslands. Hún var formaður Stúdentaráðs skólans 2007 til 2008.

Í stjórn-málaályktun þingsins segir að félagið vilji að Íslendingar setji sér markmið um að verða kolefnishlutlaust samfélag og verndi óspillta náttúru. Umhverfissjónarmið og félagshyggja eigi að ráða för þegar mikilvægar ákvarðanir er varða daglegt líf fólks eru teknar. Þingið fagnar umsókn að Evrópusam-bandinu og telur upptöku evru grundvöll stöðugs efnahagslífs.

- kóp

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn: Frakkar og Bretar lána AGS

ERLENT Frönsk og bresk stjórnvöld hafa tilkynnt að þau vilji veita Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 2,5 milljarða evra vaxtalaust lán. Féð á að nýta til að koma fátækum löndum til aðstoðar.

Dominique Strauss-Kahn, aðalframkvæmdastjóri AGS, fagnaði ákvörðuninni, sagði hana sögulega og vonaðist til að fleiri lönd myndu fylgja fordæmi þeirra.

Þá viðurkenndi hann að hætta hafi verið á að sjóðurinn yrði uppiskroppa með fé, sem notað væri til vaxtalausra lánveitinga til fátækra landa, í þessum mánuði. Úr því hafi nú verið bætt.

- kdk

Pólverjar lána Íslendingum 200 milljónir Bandaríkjadala:

Steingrímur hitti Darling

UTANRÍKISMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hitti breska starfsbróður sinn, Alistair Darling, á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Um óformlegan fund var að ræða. Í dag hittir Steingrímur hollenska fjármálaráðherrann, en óvíst er hvort takist að koma á sameiginlegum fundi þeirra þriggja.

Steingrímur segir spjallið við Darling hafa verið á vinsamlegum nótum og hann hafi lýst yfir vilja til að leysa Icesave-deiluna. „Það eiga allir það sameiginlega áhugamál að reyna að finna lausn á þessu. Það er óþægilegt fyrir alla að hafa þetta óklárað; okkur,

Breta, Hollendinga og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.“ Steingrímur segir viðræður þjóðanna mjakast áfram en vill ekkert segja um hvenær sjái fyrir endann á þeim. Lokafrágangur málsins gæti komið til kasta Alþingis.

Fjármálaráðherra Íslands og Póllands undirrituðu, á fundinum í Tyrklandi, samning um lán. Íslenska ríkið tekur um 200 milljóna dollara lán frá því pólska til um tólf ára, með fimm ára afborgunarlausum tíma. Þá fundaði Steingrímur með fjármálaráðherra Rússa um lán og sagðist eiga von á yfirlýsingu þeirra í dag.

- kóp



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Steingrímur hittir hollenskan starfsbróður sinn í dag en í gær átti hann fund með breska fjármálaráðherranum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kröfuhafar í Straumi: Sagðir taka vel í gleymda kröfu

VIÐSKIPTI Vel gengur að fá innlenda kröfuhafa til að samþykkja kröfur lífeyrissjóðsins Stapa í bú Straums-Burðaráss, samkvæmt tilkynningu frá Stapa.

Athygli vakti þegar mistök á lögmannastofu urðu til þess að það gleymdist að lýsa fjögurra milljarða króna kröfu Stapa í bú Straums.

Jákvæð vilyrði hafa fengist frá mörgum íslenskum kröfuhöfum, þótt formlegar samþykktir liggi ekki fyrir.

Sjóðurinn hefur fengið erlenda lögmannsstofu og ráðgjafa til að afla samþykkis erlendu kröfuhafanna.

- afb

Ólafur skrifaði erlendum forsetum bréf um bankana

Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir afritum af bréfi forseta Íslands til Björgólfs Thors Björgólfssonar og forseta Búlgaríu og Kína. Clinton, Gore, Hu Jintao og Jiang Zemin eru meðal þeirra sem forsetinn skrifaði.

RANNSÓKN. Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis, skrifaði forseta Íslands bréf 11. ágúst síðastliðinn til að óska eftir upplýsingum um og afritum af bréfaskrifum forsetans í þágu íslenskra fjármálastofnana eða fyrirsvarsmanna þeirra á árunum 2000-2008.

Auk þess að spyrja almennt um bréfaskipti þessu tengt tiltók Páll fjögur bréf sem hann bað forsetann um að afhenda nefndinni ljósrít af. Þar var um að ræða bréf til Björgólfs Thors Björgólfssonar, dagsett 11. júlí 2002 og þrjú bréf til erlendra fyrirmenna; bréf frá árinu 1998 til Jiang Zemin, fyrrerandi forseta Kína, og tvö bréf frá árinu 2005, annars vegar til Alexanders krónprins og Katrínar krónprinsessu í Serbíu og hins vegar til Georgi Parvanov, forseta Búlgaríu.

Í svari forsetaembættisins til Páls Hreinssonar frá 27. ágúst er getið um þrettán bréf, auk þeirra fjögurra sem rannsóknarnefndin óskaði sérstaklega eftir. „Aðeins í einu tilviki hefur forseti skrifað bréf gagnert til stuðnings íslensku fjármála-fyrirtæki, en það er bréf til forseta

Kasakstans þar sem fjallað er um fyrirhugaða starfsemi Creditinfo Group í landinu,“ segir í svari Örnólfs Thorssonar forsetaritarara. Síðan segir Örnólfur að í fáeinum bréfum öðrum sé vikið að starfsemi íslenskra banka í tilteknu landi en þá sé jafnframt fjallað um ýmis atriði önnur sem varða samvinnu Íslands og viðkomandi lands. Loks sé „í örfáum bréfum vikið að bönkunum í framhjáhlaupi og einu sinni nefnt það áhugamál fyrirsvarsmanns eins þeirra að fá William Jefferson Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, til að halda ræðu á Íslandi.“

Í svari forsetaembættisins til rannsóknarnefndar er tekið fram að forsetinn hafi sent meira en 200 bréf á árunum 2007-2008 til erlendra þjóðarleiðtoga og sendiherra, aðallega til stuðnings framboði Íslands til setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Listi yfir bréfin sautján sem forsetaembættið lét rannsóknarnefndinni í té er birtur hér til hliðar.

Forsetaembættið afhenti á föstudag blaðamanni afrit af bréfaskiptum embættisins við rannsóknarnefndina eftir að hafa áður synjað um afhendingu.

peturg@frettabladid.is



BRÉFASKIPTI Rannsóknarnefnd Alþingis óskaði eftir upplýsingum um bréfaskrifir forsetans í þágu banka og fjármálastofnana 11. ágúst. Hinn 27. ágúst svaraði forsetaembættið nefndinni og lét í té afrit af 17 bréfum. Fréttablaðið hefur fengið afrit af bréfaskiptum rannsóknarnefndarinnar og forsetans; bréfin sautján sem um ræðir hafa hins vegar ekki verið gerð opinber.

SPARAÐU!

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR 9. OKTÓBER

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins 9.900 kr.

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins **5.900 kr.**

Þriggja forsýninga Forskotskort í Kassann kostar aðeins **3.000 kr.**

Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	23°
Berlín	16°
Billund	13°
Eindhoven	15°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	25°
London	16°
Mallorca	26°
New York	20°
Orlando	33°
Ósló	8°
París	17°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SÉREIGNARSPARNAÐUR MP BANKA

Þrjár ávöxtunarleiðir eru í boði:

- Séreignarsparnaður 1 - eingöngu ríkistryggðar eignir.
- Séreignarsparnaður 2 - fjárfestir jafnt í ríkistryggðum eignum og innlánnum.
- Séreignarsparnaður 3 - eingöngu innlán.

Það er einfalt að flytja séreignarsparnað til MP Banka:

- Komdu til okkar í Borgartún 26 til að ganga frá beiðni um flutning á sparnaði þínum til MP Banka.
- Einfalt er að prenta samningseyðublað af www.mp.is, fylla það út og koma því til okkar.

Kynntu þér Séreignarsparnað MP Banka á www.mp.is eða hringdu í síma 540 3200.



BANKI

Skipholti 50d Borgartúni 26
thjonusta@mp.is www.mp.is

10
1999
2009
ÁRA

KJÖRKASSINN



Ert þú ánægð(ur) með að Álfheiður Ingadóttir sé orðin heilbrigðisráðherra? ssinn

Já	22,5%
Nei	77,5 %

SPURNING DAGSINS Í DAG

Verður árið 2010 erfiðara Íslendingum en árið 2009?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Formaður Náttúruverndarsamtaka segir ný orku- og auðlindagjöld nauðsynleg:

Þarf að verðleggja mengun

UMHVERFISMÁL „Þetta er hið besta mál. Við erum svona 15 til 20 árum á eftir nágrannaríkjunum í þessum málum,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um ný orku-, umhverfis- og auðlindagjöld. Gjöldin eiga að skila 16 milljörðum í ríkiskassann á næsta ári.

Árni segir nauðsynlegt að verðleggja orkuna rétt, greitt hafi verið allt of lágt verð fyrir hana. Sérstaklega verði að leggja skatta á orku sem sé mengandi.

„Eitt af mikilvægustu atriðum um við að fást við loftslagsbreytingar er að gefa skýr skilaboð um að losun á kolefni kosti. Þannig

leitar markaðurinn eftir leiðum til að draga úr losun. Við þurfum að stjórna þessu með skattlagningu og draga úr þeirri neyslu sem er skaðleg, en umbuna þeirri sem ekki er skaðleg,“ segir Árni.

Forsvarsmenn álfyrirtækjanna kvörtuðu yfir gjöldunum í Fréttablaðinu í gær og töldu þau geta veitt rekstri þeirra þung högg. Árni segist ekki vorkenna þeim, fyrirtækin hafi grætt gríðarlega mikið á lágu gengi krónunnar.

„Hvergi í hinum iðnvædda heimi er losun koltvísýrings leyfð nema gegn gjaldi. Menn eru ekki metnaðarfullir ef íslenskur iðnaður á að keppa við þriðja heiminn, Kína og



ÁRNI FINNSSON Segir Íslendinga vera 15 til 20 árum á eftir nágrannalöndunum þegar kemur að mengunarsköttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Indland. Það verður að sýna að það borgi sig að framleiða á Íslandi, þrátt fyrir skatta.“

- kóp

Fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur:

Nýtt miðborg-arfélag stofnað

BORGARMÁL Efnt verður til stofnfundar nýs miðborgarfélags, félags kaupmanna og annarra rekstraraðila í miðborginni, í Ráðhúsi Reykjavíkur þriðjudaginn 6. október klukkan 18.30.

Borgarráð hefur nýverið gert samþykkt um samstarf og stuðning við slíkt félag verði því komið á fót, enda sé meginmarkmið þess að stuðla að öflugri uppbyggingu, eflingu og markaðssetningu miðborgarinnar sem öflugs verslunar- og þjónustukjarna, íbúum, hagsmunaaðilum, ferðamönnum og öðrum til góða.

Allir eru velkomnir á fundinn á meðan húsrúm leyfir.

- kh

Sprengitilboð vikunnar

Ný ýsuflök 1098 kr/kg

Heimabakað rúgbrauð og fiskibollur - 40% afsl.

Gallerý fiskur

s: 587-2882

www.galleryfiskur.is

Nethyl 2, 110 Reykjavík



Kjötkompaní

Nýtt sælkerafars 299 kr/kg

Ungnauta hakk 890 kr/kg

Svikin héri m/bacon 590 kr/kg

Lifrakæfa 230 gr á 99 kr/stk

Viltu stofna fyrirtæki?



Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarþæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda, reikninga o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt 7., 9. og 12. október kl. 16-19. Kennslustaður er Holtasmári 1, 8. hæð, Kópavogur. Verð 30.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu. Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894 6090 eða á alb@lexista.is

Ármann grét þegar bankinn stöðvaðist

Forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander, Ármann Þorvaldsson, táraðist er fulltrúar breska fjármálaeftirlitsins afhentu honum tilkynningu um greiðslustöðvun bankans. Þetta kemur fram í nýrri bók Ármanns, Ævintýraeyjunni.

FÓLK Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kaupthing Singer & Friedlander í Englandi, beygði af þegar slagurinn um að halda lífi í þessu dótturfyrirtæki Kaupþings var tapaður.


Í bókinni Ævintýraeyjunni lýsir Ármann meðal annars þeirri baráttu sem háð var fyrir því að bjarga Kaupthing Singer & Friedlander eftir að alþjóðleg fjármálakreppa var skollin á og íslenska bankakerfið ríðaði til falls í byrjun október í fyrra. Ármann kveður bresk yfirvöld hafa verið andsnúin íslensku bönkunum. Heima hafa helstu gerendur á sviðinu, eins og seðlabankastjóri og bankastjórar stóru bankanna þriggja, vantroyst hver öðrum og ekki unnið saman „fyrr en landið var nánast komið fram af bjargbrúninni“.

Miðvikudaginn 8. október var ljóst að Kaupthing Singer & Friedlander myndi ekki halda velli. Forstjórinn sat aleinn á skrifstofu sinni. Engar leiðir væru færar.

„Öllu var lokið. Það voru engar lausnir til, ekki hægt að hringja í neinn, engar frábærar hugmyndir,“ skrifar Ármann í bókinni. „Í fyrsta sinn þessa erfiðu viku fann ég hvernig ég fékk kökk í hálsinn. Ég vildi komast út af skrifstofunni, út úr húsinu og heim.“

En forstjórinn niðurbrotni gat ekki yfirgefið bankann strax.

„Ég þurfti að biða eftir tilsjónarfólki þrotabúsins og koma á fundi með stjórnendum bankans. Tengiliðir okkar frá FSA [breska fjár-



ÁRMANN ÞORVALDSSON Forstjóri dótturfyrirtækis Kaupþings í London lifði hátt innan um frægðarfólk og milljarðamæringa en þegar tjaldið féll á bankann brotnaði hann saman.

málaeftirlitinu] vildu koma sjálfir og afhenda mér greiðslustöðvunartilkynninguna,“ lýsir Ármann sem þurfti því að biða átektu.

„Næstu fjóru tímarnir fóru í að halda aftur af tárunum. Þegar samstarfsmenn komu til að athuga hvernig mér liði starði ég aðeins á gólfíð. Það var ekki vegna þess að ég væri reiður eða í uppnámi. Ég vissi það eitt að ég myndi bresta í grát ef ég svaraði. Ég gat ekki heldur hringt í Þórdísi [eigin konu Ármanns], foreldra mína eða börnin mín. Ég vissi að ég myndi brotna niður um leið og ég heyrði rödd þeirra. Ég gat ekki einu sinni haldið andlitinu þegar starfsmenn eftirlitsins komu og afhentu mér greiðslustöðvunartilkynninguna. Röddin brast og mér vöknadi um augu svo ég kvaddi í flýti og sneri til baka á skrifstofu mína,“ segir um þennan erfiða atburð.

Þegar Ármann kom heim kveðst hann hafa fallið saman og grátið óstjórnlaga þegar hann sá börn sín. Þrettán ára dóttir hans hafi grátið í fangi hans og þriggja ára sonurinn kjökrað. „Næstu vikurnar minnti hann fólk reglulega á daginn sem pabbi hans hafði lent í slysi í vinnunni,“ segir í Ævintýraeyjunni. gar@frettabladid.is

Hjálparstarfsmenn í Súmötru missa von eftir jarðskjálftana sem gengu yfir:

Ólíklegt að fleiri finnist á lífi

INDÓNESÍA Hjálparstarfsmenn telja ólíklegt að fleiri finnist á lífi í rústum á eyjunni Súmötru í Indónesíu. Tveir stórir jarðskjálftar skóku eyjuna í síðustu viku. Sá fyrsti var upp á 7,6 á Richter og sá síðari upp á 6,8.

Heilu þorpin lögðust í rúst í skjálftunum og vegaskemmdir hafa hindrað hjálparstarf í borginni Padang, sem fór sérstaklega illa út úr skjálftunum. Um þúsund hafa týnt lífi og allt að þrjú þúsund er saknað.

Hjálparstarfsmenn hafa miklar áhyggjur af svæðunum í kringum borgina. Íbúi í einu þorpinu sagði í samtali við Reuters-fréttastofuna að það væri óþarfi að senda hjálp á svæðið þar sem allir væru látnir.

Ian Bray, starfsmaður Oxfam-góðgerðarsamtakanna, sagði í samtali við fréttastofu BBC að gríðarlega erfitt verkefni biði hjálparstarfsmanna. „Það tekur tíu klukkutíma að keyra 25 kílómetra vegarakafla í Padang. Venjulega tekur það 35 mínútur,“ sagði hann.

Alistair Leithead, fréttamaður BBC, skoðaði aðstæður í einangruðu þorpi norðan við Padang. Hann segir eyðilegginguna ótrúlega. Heilu trén hafi rifnað upp í hlíðum og sturtast með jarðvegi í nærliggjandi dali.

- afb



GRÍÐARLEG EYÐILEGGING Hjálparstarfsmenn í Súmötru leita að lífi í húsarústum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SPICE

OKTÓBERTILBOÐ!
ALLIR RÉTTIR Á 990 KR.
Í „HRAÐLESTINNI“

„HRAÐLESTIN“

Í Hraðlestinni eru fimm
vinsælustu réttirnir
á SPICE hverju sinni.

KVÖLD- OG HELGARTILBOÐ

Allir réttir í Hraðlestinni
á 990 kr. öll kvöld og
um helgar í október.

Fáðu þér gómsæta og holla austurlenska
rétti á aðeins 990 kr. hvort sem þú borðar
í veitingasalnum eða tekur matinn með þér.

HÁÐEGASTILBOÐ

Veldu einn rétt eða blandaðu tveimur
saman á disk fyrir 1.000 kr.
Svo getur þú skellt þér á þrjá rétti saman
á disk fyrir 1.200 kr.
Borðað á staðnum eða tekið með.



ALLIR
RÉTTIR
ÁN
MSG

Coca-Cola



Spice notar úrvalshráefni
frá kjötvinnslunni ESJU

SPICE

AUSTURLENSKUR
VEITINGASTAÐUR

LYNGHÁLSI 4 : 110 REYKJAVÍK

OPID ALLA DAGA 11:30-21:00 : SÍMI 55 777 55

VEISTU SVARIÐ?



1 Hver slasaðist eftir að sýra, sem slett hafði verið á bíl hennar, barst í andlit hennar?

2 Hvað heitir nýútcomin bók Ármanns Þorvaldssonar um efnahagshrunið?

3 Hvar verða Ólympíuleikarnir haldnir árið 2016?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

8

FRÉTTABLAÐIÐ

5. október 2009MÁNUDAGUR

Rúm fimmtán prósent Íslendinga á aldrinum 15 til 89 ára reykja daglega:

Karlar draga verulega úr reykingum

HEILBRIGÐISMÁL Dregið hefur úr daglegum reykingum Íslendinga milli áranna 2008 og 2009. Í ár reykja 15,4 prósent Íslendinga daglega en í fyrra reyktu 17,6 prósent. Mestu munar um að karlar reykja nú mun minna en þeir gerðu á síðasta ári.

Munur á reykingum milli kynja er ekki marktækur; 15,2 prósent kvenna reykja en 15,7 prósent karla. Hitt er eftirtektarvert að dregið hefur verulega úr reykingum karla á árinu meðan reykingar kvenna hafa staðið í stað. Um 20 prósent karla reykti fyrir ári en 15 prósent kvenna.

Þetta eru niðurstöður rannsókna


sem Capacent Gallup gerði fyrir Lýðheilsustöð en þar eru reykingavenjur landsmanna kannaðar þrisvar á ári.

Mjög hefur dregið úr daglegum reykingum Íslendinga á aldrinum 15 til 89 ára undanfarna tvo áratugi. Fyrir átján árum, eða árið 1991, var hlutfall þeirra sem reyktu daglega tvöfalt miðað við það sem það er nú.

Fjölmörg úrræði eru fyrir hendi fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Þar má nefna vefsíðuna reyklus.is og Reyksímann þar sem þeim sem vilja hætta að reykja stendur til boða aðstoð sér að kostnaðarlausu.

- ss

ÍSLENDINGAR 15-89 ÁRA SEM REYKJA DAGLEGA FRÁ 1991 TIL 2009



Ár	Prósent
1991	29,6%
1994	26,0%
1997	26,5%
2000	22,4%
2003	21,5%
2006	18,0%
2009	15,4%

Málverkauppboð

í GALLERÍ BORG

Erum að taka á móti verkum. LÆGRI SÖLULAUN







Scheving

Kjarval

Ásgrímur

Vinsamlegast hafið samband við

Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

GALLERÍ BORG - SKIPHOLTI 35 - SÍMAR 511 7010 - 847 1600

Aukinn stuðningur raunhæft markmið

Eiríkur Bergmann, dósent í Evrópufræðum, segir að sauðfjár- og kúabændur geti fengið aukna styrki verði Ísland aðili að ESB. Leggja eigi áherslu á sérstöðuna og þá arfleifð sem fólgin er í fjölskyldubýlum í aðildarviðræðum.

EVROPUSAMBANDIÐ Það á að vera samningsmarkmið Íslendinga í viðræðum við Evrópusambandið um landbúnaðarmál að sækjast eftir auknum stuðningi við hefðbundinn fjölskyldubúskap í sveitum, segir Eiríkur Bergmann, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst. Hann segir að stefna eigi að því að bændur sem búa á fjölskyldubúi og stunda sauðfjár- eða kúabúskap fái aukna styrki ef Ísland gengur í Evrópusambandið. Aðild að sambandinu bitni aðallega á kjúklinga- og svínabúum á landinu.

Eiríkur segir að Evrópusambandið hafi verið að hverfa frá þeirri stefnu, sem sett var á fót þegar landbúnaður í álfunni annaði ekki eftirspurn eftir matvælum. Þá var hvatt til aukinnar framleiðslu. Nú er offramleiðsla orðin vandamál í álfunni. „Á síðustu tíu árum hefur landbúnaðarstefnan verið að breytast og styrkjakerfi ESB fellur vel að hefðbundnum íslenskum landbúnaði sem er byggður upp á fjölskyldubýli,“ segir Eiríkur. Breytt stefna leggi áherslu á að vernda þá arfleifð og menningarlegu sérstöðu sem fólgin er í dreifbýli búsetu og landbúnaði í hverju aðildarríki. „Samninganefnd Íslands mun fá góðar undirtektir ef hún leggur áherslu á þessa þætti.“

Eiríkur segir að stuðningur við iðnaðarframleiðslu á borð við kjúklinga- og svínakjötsframleiðslu sé almennt á undanhaldi í landbúnaðarstefnu ESB og hið sama muni eiga við um þá framleiðslu hér á landi. Óvíst sé hvaða stuðning verði hægt að finna fyrir grænmetisræktendur en slíkt sé alls ekki útilokað. Hins vegar eigi sauðfjárbúskapur og kúabúskapur ekki að þurfa að kvíða niðurstöðu aðildarviðræðna. Þvert á móti sé

EIRÍKUR BERGMANN Forstöðumaður Evrópufræðasetursins á Bifröst segir raunhæft að stefna að því að opinber stuðningur við hefðbundinn íslenskan landbúnað aukist við aðild Íslands að ESB.

viðbúið að niðurstaðan geti falið í sér aukinn stuðning við slíkan landbúnað á Íslandi. Þótt horfið verði frá því íslenska kerfi, sem tengir stuðning við framleiðslu og verð á framleiðslunni, muni taka við beinir styrkir til bænda sem byggjast á stuðningi við landnýtingu, menningararfleifð og sérstöðu að vega þá skerðingu upp og jafnvel meira til. Að auki geti Íslendingar áfram stutt landbúnað upp að ákveðnu

marki innan ESB, í samræmi við reglu um stuðning við landbúnað á norðurslóðum. Finnar og Svíar geti stutt sinn landbúnað um 35% til viðbótar stuðningi ESB.

Í næstu viku kemur á markað bók eftir Eirík Bergmann, sem heitir frá Evróvisjón til evru. Eiríkur segir að henni sé ætlað að vera aðgengilegt upplýsingarit fyrir almenning um Evrópusambandið.

peturg@frettabladid.is

14 til 28 Nóvember 2009

Fyrsta lífvarðanámskeið á Íslandi

Öryggisvarðaskólinn



Sími: 698 1666

ovskoli.is



Terr security býður uppá starfsmöguleika á heimsvísu

Mannskæðasta árás á herlið bandamanna í Afganistan í meira en ár:

Talibanar drápu tíu hermenn

AFGANISTAN Átta bandarískir og tveir afganskir hermenn féllu í árás í Nuristan-héraði í Afganistan um helgina. Árásin var sú mannskæðasta á herlið bandamanna á svæðinu í meira en ár.

Talibanar hafa lýst verknadinum á hendur sér sem stóð yfir í nokkrar klukkustundir. Þrjúhundruð skæruliðar réoust úr tveimur áttum á herstöð Bandaríkjahers.

Talsmaður Nato segir að árásin hafi verið flókin og farið fram á afar erfiðu svæði. Bandaríski flugherinn svaraði að bragði með árás.

- afb

MANNSKÆÐUSTU ÁRÁSIR Á ERLEND HERLIÐ:

- September 2009: Sex ítalskir hermenn láta lífið í sjálfsmorðsárás í Kabúl.
- Ágúst 2008: Tíu franskir hermenn eru myrtir í árás í Saróbí.
- Júlí 2008: Níu bandarískir hermenn láta lífið í árás skæruliða á landamærum Nuristan og Wanar.
- Nóvember 2007: Sex bandarískir og þrír afganskir hermenn eru myrtir.
- Júlí 2007: Sex kanadískir og afganskur túlkur láta lífið í sprengingu í Kandahar-héraði.
- Maí 2007: Fimm bandarískir, einn breskur og einn kanadískur hermaður láta lífið í árás á þyrlu í Helmann-héraði.
- Júní 2005: 16 bandarískir hermenn láta lífið í árás á þyrlu í Konar-héraði.

NURISTAN-HÉRAÐ Árásin um helgina var sú mannskæðasta á svæðinu í meira en ár.

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

EINAR BENEDIKTSSON

Hið upprunalega athafnaskáld Íslands. Ritstjóri, skáld og stofnandi fossafélagsins Títans sem hafði á undan öðrum áform um beislun vatnsafls á Íslandi.



VÖRÐUR
FYRIRTÆKJATRYGGING

Einföld trygging fyrir stóra, litla og meðalstóra drauma.

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vorður.is til að
fá frekari vitneskju og tilboð í fyrirtækjategyggingar.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 **vörður**

ÍSLENSKA STAUS VÖR 4801 06/09



HERMENN VAKTA SENDIRÁÐ Tveir hermenn á vakt fyrir utan sendiráð Brasilíu í Hondúras, þar sem Manuel Zelaya, forsetinn brottrekni, fékk húsa-skjól eftir að hafa snúið aftur heim.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan á Eskifirði: Skorar á inn- brotsþjófa

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í tvö fyrirtæki í lok síðustu viku í Neskaupstað. Þjófarnir höfðu þó ekki mikið upp úr krafsinu.

Samkvæmt fréttavefnum austurland.is höfðu þeir með sér lítinn peningakassa með skiptimynt frá fyrirtækinu G. Skúlasyni sem er vélaverkstæði.

Úr vörugæmslu landflutninga Samskipa stálu innbrotsþjófarnir premur kössum af bjór og skiptimynt. Þjófarnir ollu tjóni á báðum stöðum. Lögreglan á Eskifirði rannsakar málið.

Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn á Eskifirði, skorar á innbrotsþjófa að gefa sig fram að fyrri bragði enda séu yfirgnæfandi líkur á að upp um þá komist.

- kdk

Tveir áfram inni fyrir smygl á fjórum kílóum af amfetamíni:

Meintir dópsmyglarar lausir

DÓMSMÁL Þrír meintir amfetamínsmyglarar eru frjálssir ferða sinna eftir að Héraðsdómur Reykjaness hafnaði fyrir helgi kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um áframhaldandi gæsluvarðhald þeirra. Tveir menn sitja áfram inni vegna málsins.

Lögreglan rannsakar smygl á fjórum kílóum af amfetamíni, sem þessir fimm menn eru grunaðir um að hafa átt aðild að.

Mennirnir eru allir af íslensku bergi brotnir. Fjórir þeirra hafa setið í gæsluvarðhaldi frá 11. september. Þrír þeirra eru á þrítugsaldri og einn undir tvítugu. Einn þeirra, fæddur 1985, hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald vegna málsins á grunni almannahagsmuna, til 28. október. Fimmti maðurinn, sá sem afplánar nú eldri dóm, var úrskurðaður í gæsluvarðhald 24. september síðastliðinn. Hann er fæddur 1982 og er sá eini í hóp-



AMFETAMÍN Mennirnir eru grunaðir um aðild að smygli á fjórum kílóum af amfetamíni.

um sem áður hefur komið við sögu hjá lögreglu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni voru efnin flutt til Íslands frá Danmörku.

- jss

Kárahnjúkavirkjun:

Smíði virkjunar formlega lokið

VIRKJANIR Friðrik Sophusson lýsti yfir formlegum verklokum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar við hátíðlega athöfn sem hófst í Fljótsdalsstöð á laugardag. Hann lét um leið af starfi sem forstjóri Landsvirkjunar, en því starfi hefur hann gegnt í rúmlega tíu ár.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra flutti einnig ávarp við þetta tækifæri.

Framkvæmdir hófust 2002 og loks var virkjunin formlega gangsett 30. nóvember 2007. Heildarkostnaður við virkjunina er talinn vera 133 milljarðar sé miðað við verðlag haustsins 2007.

- kdk

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra talaði um efnahagshrunið á landsþingi Ungra jafnaðarmanna:

300 milljarða reikningur frá Davíð

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði að rekja mætti íslenska efnahagshrunið aftur til misheppnaðrar einkavæðingar bankanna. Þetta kom fram í máli hennar á landsþingi Ungra jafnaðarmanna í Iðnó á laugardag.

Jóhanna sagði að hluti af kostnaðinum væri 300 milljarða reikningur frá Davíð Oddssyni til að forða gjaldþroti Seðlabankans. Það sé svipuð upphæð og íslenska ríkið gæti þurft að greiða vegna Icesave.

Jóhanna fór yfir stöðu þjóðarbúsins og framtíðarmöguleika þess á þinginu. Hún sagði skuldir ríkissjóðs hafa vaxið úr 300 milljörðum við bankahrunið í 1.700 milljarða og þá væri Icesave-reikningurinn ekki talinn með. Skýra mætti halla fjárlaganna meðal annars af auknum



Og ég held að það sé alveg óhætt að segja að upphafið að okkar óföllum var hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna 2004.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA

framlögum til atvinnuleysistrygginga upp á 30 til 40 milljarða.

Blóðugasti reikningurinn væru tæplega 100 milljarðar sem ríkissjóður greiddi í vexti af lánum og því væri mikilvægt fyrir framtíðina að taka sem fyrst á halla ríkissjóðs.

„Þetta er reikningurinn sem við stöndum uppi með. Og ég held að það sé alveg óhætt að segja að upp-



FORSÆTISRÁÐHERRA Jóhanna sagði að ekkert almennilegt regluverk hefði verið til að styðjast við þegar bankarnir voru einkavæddir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hafið að okkar óföllum var hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna 2004,” sagði Jóhanna meðal annars.

„Þar var ekkert gegnsæi, ekkert

almennilegt regluverk til að styðjast við og þar fór fyrst og fremst fram helmingaskipti á bönkunum milli Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.“

HUGMYNDA- FUNDUR

Í DAG
KL. 16:00

Allir velkomnir á málþing með Jeff Taylor í Iðnó



■ Málþing fyrir frumkvöðla í Iðnó

Dórnafnd í hugmyndasamkeppninni Start09 hefur nú valið vinningshugmyndirnar úr þeim mikla fjölda sem barst í keppnina. Úrslitin verða kynnt á hugmyndafundi í Iðnó í dag kl. 16:00. Húsið opnar kl. 15:30.

Á fundinum mun bandaríski frumkvöðullinn Jeff Taylor miðla af reynslu sinni og leiða almennar umræður um hugmyndir og umbreytingu þeirra í fyrirtæki. Einnig býðst höfundum valinna hugmynda í samkeppninni tækifæri til að kynna þær stuttlega og þróa með hjálp Jeff Taylor, Guðmundar Odds Magnússonar, Guðjóns Más Guðjónssonar og fundargesta.

■ Allir eru velkomnir á fundinn.
Skráðu þig á skraning@n1.is



Jeff Taylor er þekktur bandarískur frumkvöðull, vinsæll fyrirlesari um allan heim og höfundur metsölubóka. Hann er þekktastur fyrir að

hafa stofnað vinnumiðlunarvefinn Monster.com sem er nú starfandi í meira en 30 löndum.

www.n1.is/start

Start'09



Íslenskir frumkvöðlar:
Hitta Viktoríu krónprinsessu
NÝSKÖPUN Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika, og Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors, munu hitta Viktoríu krónprinsessu Svíþjóðar í viðhafnarkvöldverði í dag.
Stöllurnar hafa verið valdar fulltrúar íslenskra kvenfrumkvöðla í Evrópuverkefninu EU Network of Female Entrepreneurship Ambassadors.
Halla Tómasdóttir og Kristín Pétursdóttir frá Auði Capital voru einnig valdar.
Þetta kemur fram í tilkynningu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

- kh

Lögreglan á Suðurnesjum leitar þriggja pilta vegna innbrotahrinu:

Blóð á vettvangi innbrots

LÖGREGLUMÁL Talsvert blóð fannst á vettvangi innbrots í Garði, þar sem þrír piltar eru grunaðir um að hafa verið að verki. Lögreglan á Suðurnesjum hefur nú til rannsóknar þrjú innbrot á svæðinu, sem öll voru framin í síðustu viku.
Um er að ræða innbrot í Gerðaskóla síðastliðna nótt og einnig tvö innbrot í veitingastaðinn Flösina við Garðskagavita. Hinir óboðnu gestir höfðu flat-skjá upp úr krafsinu, svo og áfengi, sem þeir stálu af veitingastaðnum. Við rannsókn málanna hefur lögregla leitað í sex húsum og rætt við fjölda vitna. Leit að þýfinu hefur engan árangur borið.
Í einu málanna er til upptaka þar sem sést til þriggja pilta en þeirra er nú leitað. Í því sama máli fannst blóð á vettvangi, eins og fyrr getur um, sem bendir til þess að viðkomandi hafi skorið sig talsvert við að fara inn í húsið.
Lögreglan biður alla þá sem veitt geta upplýsing-



FLATSKJÁR Þjófarnir stálu meðal annars flatskjá.

ar um þessi mál að hafa samband við lögregluna á Suðurnesjum í síma 420-1800.

Fulli fjármálaráðherrann:
Fannst látinn á heimili sínu
JAPAN Shoichi Nakagawa, fyrrverandi fjármálaráðherra Japans, fannst látinn á heimili sínu um helgina.
Nakagawa, sem var 56 ára gamall, vakti heimsathygli á fundi sjö helstu iðnríkja heims í Róm fyrr á árinu, þegar hann virtist vera ölvaður á blaðamannafundi. Málið þótti afar vandræðalegt fyrir stjórnmöld í Japan og í kjölfarið missti hann sæti sitt í ríkisstjórn landsins.
Eiginkona Nakagawa kom að honum þar sem hann lá á maganum í rúminu á heimili þeirra í Tókýó. Lögreglan rannsakar nú lát hans.

- jss

- afb



ELDSUPPTÖK ÓLJÓS Húsbíllinn skemmdist mikið í brunanum.

Maður brenndist í Garði:
Eldur kom upp í húsbíl
ELDSVÖÐI Eldur kom upp í húsbíl á tjaldsvæðinu í Garði rétt fyrir klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags.
Eigendur húsbílsins, maður og kona, voru í næsta húsbíl þegar eldurinn kom upp og náðu að slökkva eldinn.
Maðurinn brenndist á höndum og konan fékk snert af reykeitr-un. Þau voru flutt á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til aðhlynn-ingar.
Húsbíllinn skemmdist mjög mikið. Allt sem var inni í honum brann, en ekkert er vítað um eldsupptök. Lögreglan rannsakar nú málið.

- afb

VBS leitar réttar síns:
Áfrýjar til Hæstaréttar vegna Stanford
VIÐSKIPTI VBS fjárfestingarbanki ætlar að áfrýja til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því á föstudag. Breski viðskiptajöfurinn Kevin Stanford og fjárfestingarsjóðurinn Kcaj voru sýknaðir af 1,1 milljarðs króna kröfu VBS. Fjárfestingarbankinn taldi að Stanford og Kcaj hefðu gengist undir sjálfskuldarábyrgð á 5 milljóna punda láni til breska félagsins Ghost fyrir tveimur árum, eða um einn milljarð króna. Ghost varð gjaldþrota og Stanford og Kcaj neituðu að greiða lánið.
Í dómi héraðsdóms kom fram að með undirritun sinni á lána-skjölin hefðu Stanford og Kcaj aðeins samþykkt skilmála lánsins en ekki tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð. Þessu hefur fjárfestingarbankinn nú áfrýjað. - ghh



Þú færð meira fyrir Aukakrónur

Þú safnar Aukakrónum þegar þú notar A-kortið þitt og fyrir þær getur þú keypt allt mögulegt sem þig vantar eða langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.

Sæktu um A-kort á [aukakronur.is](#)

A-kortin
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

1
iPod nano á ári

45
bátar á ári

5
bolir á ári

2
áðaksnámskeið á ári

2
Augsaeti á ári

95
kaffibollar á ári

2
gallabuxur á ári

2685
minúttur á ári

40
bíómiðar á ári

40
andlitshreinsar á ári

1
kaffivél á ári

224
bensínlitrar á ári

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

* Á myndunum sérðu hvað þú getið keypt hjá samstarfsaðilum Aukakróna m.v. 150 þúsund kr. á millienda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á aukakronur.is.



FLÆÐIR YFIR STÍFLU Fólk fylgist með vatnsflaumnum flæða yfir stíflu í Dindi á Indlandi, í ríkinu Andrah Pradesh. Mikil úrhelli á fimmtudaginn olli gífurlegu flóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LASKAÐUR LÖGREGLUBÍLL Hætta skapast þegar ekið er milli hraðahindrana á Skagaströnd.

Ekið á lögreglubíl:

Óskiljanleg hraðahindrun

UMFERÐARMÁL „Það er alveg óskiljanlegt að búa til hraðahindrun sem gefur kost á því að öllum komist hjá þeim með því að aka yfir á rangan vegarhelming,“ segir Vilhjálmur Stefánsson, lögreglumaður á Blönduósi, á vef Skagastrandar. Vilhjálmur ók lögreglubíl sem fólksbíl ók á á Skagaströnd á þriðjudag. Ökumaður fólksbílsins ætlaði að komast hjá því að aka yfir hraðahindrun og beygði yfir á vinstri vegarhelming en lenti þá beint framan á lögreglubílnum. „Hvers vegna að hafa hraðahindrun ef ekki þarf að aka á hana?“ spyr Vilhjálmur á skagastrond.is.

- gar

Þrír menn ákærðir:

Með hundrað lítra af gambra

DÓMSMÁL Þrír karlmenn hafa verið ákærðir fyrir stórtæka bruggun. Mennirnir voru við iðju sína í bílskúr í Hraunbænum í Reykjavík. Þegar lögreglu bar að garði aðfaranótt fimmtudagsins 18. júní síðastliðinn gaf heldur en ekki á að líta. Þar reyndust vera 110 lítrar af gambra og sérhæfð áhöld til þess að eima hann. Lögreglan lagði einnig hald á fimm hvítar tunnur svo og suðupott. - jss

Brotist inn í tilraunahús Landbúnaðarháskóla Íslands:

Lögreglan leitar að dýru þýfi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi leitar dýrra muna eftir að brotist var inn í tilraunahús Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi.

Innbrotið átti sér stað um þar síðustu helgi. Úr tilraunahúsinu var stolið ýmsum sértækum hlutum. Fyrst er þar að nefna gróðurhúsálampa sem er sá eini sinnar tegundar hér á landi. Hann var þáttur í tilraunaverkefni. Lampinn er knúinn rafgasi og hefur þá eiginleika að hann hitnar nánast ekkert. Því er hægt er að hafa hann mjög nærri plöntunum sem gefur betri nýtingu á birtuna. Einnig var stolið tuttugu gróður-

húsaperum, jarðvegshitamæli, rafspennumæli, lengdarmæliteki og tæki til að mæla jarðvegsraka. Tækið er gagnslaust þeim sem hefur það undir höndum þar sem því á að fylgja tölvukubbur sem er nú á öðrum stað. Lögreglan biður alla þá sem veitt geta upplýsingar um þetta innbrot eða ofangreinda hluti að hafa samband við lögregluna á Selfossi í síma 480 1010.

Þessu til viðbótar leitar lögregla til almennings vegna innbrots á dekkjaverkstæði við Unubakka í Þorlákshöfn. Þaðan var stolið sextán jeppa- og fólksbíladekkjum. Verðmæti þeirra er á fjórða hundrad þúsund krónur.

- jss



LAMPINN Lampinn eins og sá sem stolið var. Hann er sá eini sinnar tegundar á landinu og kostar rúmar 200 þúsund krónur.

Mikil umferð yfir Íslandi:

500 vélar á flugstjórnarsvæðinu

SAMGÖNGUR Mikil flugumferð var um íslenska flugstjórnarsvæðið, sem er eitt stærsta úthafssvæði heims, á laugardaginn. Ástæða aukinnar umferðar var bilun í tölvukerfi í flugstjórnarmiðstöðinni í Shanwick (Prestwick í Skotlandi) snemma morguns á laugardag.

Í tilkynningu frá Flugstöðum segir að ekki sé ljóst hversu margar flugvélar hafi flogið í gegnum íslenska svæðið, en búist er við að sú tala verði nálægt fimm hundruð.

„Fjölgja þurfti um átta flugumferðarstjóra þegar mest var,“ segir í tilkynningunni.

Íranar sýna samstarfsvilja

Íranar hafa verið tregir til að leyfa alþjóðlegu kjarnorkueftirliti að skoða kjarnorkustöðvar sínar. Viðræður í síðustu viku áttu að verða upphaf nýs kafla í samskiptum Írana við umheiminn, en óljóst er um framhaldið.

Helstu kjarnorkustöðvar

■ **Ágúst 2002:** Útlægir Íranar segja írönsk stjórnvöld hafa með leynd reist auðgunarstöð fyrir úran í Natanz og þungvatnaskjarnaofn við Arak, sem er brot á alþjóðasamningnum.

■ **Desember 2002:** Gervihnattaljósmýndir staðfesta tilvist leynilegra stöðva. Khatami forseti segir Írana ekki ætla að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

■ **Nóvember 2003:** Íranar hætta auðgun en viðurkenna að hafa framleitt takmarkað magn af auðguðu úrani.

■ **Júní 2004:** Íranar hefja á ný framleiðslu á skilvindum.

■ **Nóvember 2004:** Khatami stöðvar auðgun samkvæmt samkomulagi við ESB.

■ **Júní 2005:** Mahmoud Ahmadinejad sigrar í forsetakjöri.

■ **September 2005:** Ahmadinejad forseti segir það óráðvígjanlegan rétt Írana að framleiða kjarnorkuelsneyti.


■ **Janúar 2006:** Íranar fjarlægja innsigli og hefja auðgun á ný í Natanz. Í apríl segir Ahmadinejad að úranið sé orðið 3,5 prósent hreint.

■ **Júní 2006:** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna býður Írönum að gegn því að auðgun úrans verði hætt fái þeir aðstoð við að reisa vatnsorkuver, stuðning við aðild að Heimsviðskiptastofnuninni og refsiaðgerðum verði aflétt. Íranar hafna.

■ **Oktober 2006:** Íranar tvöfalda auðgunargetu úrans í Natanz.



● Skotstöð flugskeyta



ætla að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Helstu valdaríki heims hafa hins vegar rökstuddar áhyggjur af því

að þeir ætli sér í reynd að koma sér upp kjarnorkuvopnum, og hafi undanfarin ár unnið markvisst að því. Írönum hefur verið hótad enn

harðari refsiaðgerðum leyfi þeir ekki kjarnorkueftirlitsmönnum að skoða starfseminna.

gudsteinn@frettabladid.is

Hæstiréttur staðfestir fimmtán mánaða fangelsisdóm yfir manni á sjötugsaldri:

Misnotaði andlega fatlaða konu

DÓMSMÁL Karlmaður á sjötugsaldri skal sæta fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn andlega fatlaðri konu, samkvæmt dómi Hæstaréttar sem staðfestir þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Maðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða konunni 600 þúsund krónur í miskabætur.

Maðurinn var sakfelldur fyrir nauðgun, með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við konuna á skrifstofu sinni.

Konan bar að maðurinn hefði boðið sér á skrifstofuna, borgað fyrir sig leigubíl og notað síðan kynlífstæki við athæfið. Hún hefði notmælt og rétt sloppið undan honum. Tveim dögum síðar hafi hún hringt í lögreglu, sem ók henni á slysavardstofu. Samkvæmt skýrslu læknis á neyðarmóttöku var konan með nokkra áverka.

Konan bar að hún og maðurinn hefðu áður haft samfarir í nokkur skipti og maðurinn oftast greitt sér fyrir.

Mat sálfræðings var meðal annars það, að konan bæri með sér augljósa greindarskerðingu, ætti erfitt með að orða hugsanir sínar, hefði lágt sjálfsmat og væri stöðugt að afsaka sig. Hæstiréttur áleit að



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

þar sem maðurinn hefði þekkt konuna um árabil hlyti honum að vera andlegir annmarkar hennar ljósir. Hún er 75 prósentu örryki.

- jss

Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is



FRÁ MEÐFERÐARGANGINUM Fjárheimild sem notuð hefur verið til rekstrar meðferðargangsins hefur verið felld niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á fjórða tug milljóna til Litla-Hrauns felldur niður:

Meðferðargangurinn skorinn niður

FANGELSISMÁL Fjárheimild sem meðal annars hefur verið notuð til rekstrar svonefnds meðferðargangs á Litla-Hrauni er felld niður í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Um er að ræða 36 milljónir króna sem einnig hafa verið nýttar í þágu fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Við höfum fengið niðurskurðarkröfu eins og aðrir,“ segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Verði þetta endanleg niðurstaða er ljóst að við komumst ekki hjá því að hagræða. Meðferðargangur er, eins og annað í okkar starfsemi, þar undir.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig við munum útfæra þetta. Við höfum áður fengið styrk til rekstrar meðferðargangsins úr þeirri fjárheimild sem nú hefur verið þurrkuð út.“

Stefán Eiríksson, lögreglu-



PÁLL WINKEL



STEFÁN EIRÍKSSON

stjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir fíkniefnadeildina hafa fengið 20 milljónir af umræddri fjárveitingu til að standa undir vinnuskipulagi. Það hafi tryggt að hægt væri að fara í stærri mál með engum fyrirvara. „Við ætlum okkur ekki að missa þann möguleika,“ segir Stefán. „Þetta er hluti af heildarniðurskurði til löggæslunnar. Allur pakkinn verður veginn og metinn en ekki eitthvert eitt atriði.“ -jss

Sérsniðin heyrnartæki fyrir alla!

Hjá Heyrnarstöðinni, Kringlunni færðu alla þjónustu sem snýr að heyrnarmælingum og heyrnartækjum. Við sérsníðum heyrnartæki svo þau falli vel að hverju eyra og skili hljóðinum fullkomlega – frá dýpstu tónum til hæstu hæða. Komdu til okkar og fáðu aðstoð við val á réttu heyrnartækjunum fyrir þig.

Ókeypis heyrnarmæling

Heyrnarmæling tekur stutta stund en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

TRYGGINGASTOFNUN
TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU
HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir 9-17 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is

NOT FOR RELEASE, PUBLICATION OR DISTRIBUTION IN THE UNITED STATES, CANADA, AUSTRALIA OR JAPAN

ATLANTIC PETROLEUM OFFERS SHARES IN ORDER TO STRENGTHEN ITS COMPETITIVE POSITION

Public offering for subscription of new shares during the period 8th October to 27th October 2009

Atlantic Petroleum is an independent Faroese oil and gas company with exploration and production activities in the North Sea, East Irish Sea and Celtic Sea and on the Faroese continental shelf. We have a broad portfolio of oil licenses at different progressive phases, of which two fields already produce oil, whereas two other fields are expected to start production in two to three years. Overall, we have interests in 15 licenses containing 28 fields, discoveries, prospects or leads. Furthermore, Atlantic Petroleum has partnerships with 17 international oil companies, including Dong Energy, Statoil-Hydro and Maersk.

Business model and strategy

Using a two-tier strategy, we continually seek to build and optimise our license portfolio by developing and maturing our existing licenses and by acquiring new licenses through licensing rounds or by farming-in to licenses held by other companies.

Already producing oil

Atlantic Petroleum is among the approximately 40% of oil companies with UK licenses that already have oil or gas producing assets. The Chestnut field in the British sector of the North Sea commenced oil production in September 2008, whilst the Et-trick field commenced production in August 2009. Against this background we expect significant positive cash flows from operating activities over the coming years.

Subscription of new shares

Atlantic Petroleum is offering up to 1,500,973 new

shares at a price of DKK 125 per share with a nominal value of DKK 100 with pre-emptive rights to subscribe for offer shares to existing shareholders at the ratio of 4:3, i.e. four new shares for three existing, which is expected to produce gross proceeds to the company of approximately DKK 188 million.

Out of the net proceeds, the first DKK 172 million will be used to make repayments under the company's loans, the remaining net proceeds from the offering, after repayment of loans, will remain in the company.

The offering is not underwritten, but certain of the company's shareholders including Eik Banki, TF Holding, Sp/f 14, Føroya Lívstrygging, Bikubenfonden af 1989, and the Managing Director and CEO of the company Wilhelm Petersen, have entered into a binding undertaking to exercise pre-emptive rights allocated to them in the offering and consequently to subscribe for, in aggregate, 327,082 offer shares, corresponding to total gross proceeds to the company of approximately DKK 41 million (approx. € 5 million). Further, a number of investors have made binding undertakings to subscribe for an additional DKK 27 million (approx. € 4 million) if not all pre-emptive rights are exercised in the offering. In total, this ensures minimum gross proceeds to the company of approx. DKK 68 million. In addition, Føroya Banki has undertaken to subscribe for 160,000 offer shares corresponding to DKK 20 million (approx. € 3 million) to become effective once offer shares providing for gross proceeds equal to at least DKK 130 million have been subscribed for in the offering.

The pre-emptive rights will be admitted to trading and official listing on NASDAQ OMX Iceland and NASDAQ OMX Copenhagen (jointly, "NASDAQ OMX") during the period from 5th October 2009 to 22nd October 2009. The new shares may be subscribed during the period from 8th October 2009 to 27th October 2009. Admission to trading and official listing of the new shares on the NASDAQ OMX is expected to take place on 3rd November.

A prospectus has been published in connection with this offering. From 7th October 2009 the printed prospectus is available on request from Handelsbanken Capital Markets, Havneholmen 29, DK-1561 Copenhagen V, Denmark (Tel. +45 33 41 82 00), Eik Banki, Yviri við Strond 2, FO-100 Tórshavn, Faroe Islands (Tel. +298 348 000), or can be downloaded from www.petroleum fo

Disclaimer: The offer of shares in P/F Atlantic Petroleum is being made solely by means, and on the basis of the prospectus dated 1st October 2009. This press release is not being issued in the United States of America ("United States") and must not be distributed to U.S. persons (as defined in Regulation S of the U.S. Securities Act of 1933, as amended ("Securities Act")) or publications with a general circulation in the United States. This press release does not constitute an offer or invitation to purchase any securities in the United States. The securities of P/F Atlantic Petroleum have not been registered under the Securities Act and may not be offered, sold or delivered within the United States or to U.S. persons absent from registration under or an applicable exemption from the registration requirements of the United States securities laws. Stabilization/FSA

P/F Atlantic Petroleum, Gongin 9, P.O. Box 1228, FO-110 Tórshavn, Faroe Islands, Tel.: (+298) 350100, Fax: (+298) 350101, www.petroleum fo



Breytingar á kosningalögum:

Vatn á myllu íhaldsins

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Einhver afdrifaríkasti atburður íslenskrar stjórnmála-sögu síðustu áratuga var sigur R-listans í Reykjavík fyrir rúmum fimmtán árum. Með R-listanum var hnekkkt því sem virtist ósnertanlegt veldi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Við tók tólf ára valdaskeið vinstri- og miðju-manna í höfuðborginni.

Pótt skoðanir manna kunni að vera skiptar á því hvort stjórn R-listans hafi verið til bölvunar eða blessunar, verður ekki um það deilt að áhrif hans á þróun stjórnmálakerfisins urðu mikil. Þar má nefna þær breytingar sem urðu á flokkaskiptingu vinstri-manna undir lok síðustu aldar.

Myndun þessa framboðsafls krafðist mikilla pólitískra klók-inda, enda voru þar gjörólíkar stjórnmáláhreyfingar og -flokkar að rugla saman reytum sínum. Framsóknarmenn, kratar, allaballar, kvennalistakonur og öflokksbundið fólk – allir þessir hópar komu hver úr sinni áttinni og höfðu ólíkar hefðir, skoðanir og vinnubrögð.

Allir sem eitthvað fylgdust með myndun fyrsta R-listans fyrir kosningarnar 1994 vita að framboðið hefði aldrei getað orðið að veruleika öðruvísi en með flóknum málamiðlunum og niðurnjörvuðum samningum. Grundvallaratriðið þar var val á borgarstjóraefni og skipting sæta á framboðslistanum og síðar í nefndum og ráðum. Þetta kom engum á óvart, enda hefur slíkt nær undan-tekningarlaust verið raunin í öllum sameiginlegum framboðum til sveitarstjórnarkosninga hér á landi fyrir og síðar.

Vegna þessarar forsögu vekur furðu að vinstristjórn Samfylk-ingar og Vinstri grænna beri nú fram frumvarp til breytinga á kosningalögum sem hefðu á sínum tíma í raun útilokað myndun R-listans og ótal annarra sambærilegra framboða um land allt. Frumvarp þetta gerir það að verkum að nær ómögulegt má telja að ólíkar stjórnmáláhreyfingar komi sér saman um framboðs-lista, þar sem nánast má ganga að því vísu að sterkasta hreyf-ingin í slíku samstarfi myndi hirða alla fulltrúana á kostnað samstarfsaðilanna.

Augljóst er að breytingar þessar munu leiða til fjölgunar fram-boða á vinstri vængnum í sveitarstjórnarkosningum um land allt. Sameiginlegum bæjarmálaframboðum mun snarfækka og hlýtur slíkt fyrst og fremst að koma Sjálfstæðisflokknum til góða, enda býður hann undantekningarlítið fram einn og í eigin nafni í sveit-arstjórnarkosningum.

Í ljósi þess að vinstrimenn hafa til þessa talið árangur R-listans til sinna helstu afreka er því stóruandlegt að forystumenn ríkis-stjórnarinnar leggi á það höfuðáherslu að knýja í gegn kosninga-kerfisbreytingar sem hindrar að flokkar um og vinstra megin við miðju geti blásið til sameiginlegrar sóknar í einstökum bæjum. Er það til dæmis svo fráleitt að ímynda sér að þróun mála í borgar-stjórn Reykjavíkur gæti orðið með þeim hætti að einhvern daginn yrði það fýsilegur kostur fyrir Vinstri græn og Samfylkingu að bjóða fram sameiginlega, jafnvel í samstarfi með fleirum?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

NÝJAR bílaperur frá PHILIPS



PHILIPS
Quartz
bílaperur
allt að 80% meira ljós



FRÁ DEGI TIL DAGS

Til Tyrklands

Steingrímur J. Sigfússon fjármála-ráðherra hélt til Istanbul í Tyrklandi í tengslum við ársfund Alþjóðagjald-eyrissjóðsins. Þar ræðir hann meðal annars við fjármálaráðherra Bretlands og Hollands um Icesave-deiluna. Ekki er lokað fyrir það skotið að Steingrím-ur liði fyrir láninu frá sjóðnum, sem Íslendingar eru orðnir langeygir eftir. Fari svo mætti ef til vill gefa því viðurnefnið Tyrkjalánið. Og væri Steingrímur þá ekki rétt-nefndur Tyrkja-Budda?



Kaldar kveðjur

Steingrímur er væntanlegur til lands-ins á miðvikudag og óvíst er hvaða landslag biður hans í eigin flokki. Nýskipaður ráðherra flokksins, Álf-heiður Ingadóttir, fékk í það minnsta kaldar kveðjur frá þingflokksformann-inum, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, í Silfri Egils í gær. Guðfríður, sem nýverið valdi Álf-heiði sem ráðherra ásamt öðrum í þingflokknunum, kallaði þannig eftir að Ögmundur Jónasson sneri til baka í ríkisstjórn; vænt-anlega á kostnað Álfheiðar, sem yrði sennilega skammsætn-asti ráðherra sögunnar fengi þingflokksform-aður hennar að ráða.



Ég og aðal

Anna Pála Sverrisdóttir lét af störfum sem formaður Ungra jafnaðar-manna um helgina. Ræða hennar vakti nokkra athygli, en hún notaði tækifærið og upplýsti þingheim um kynhneigð sína. Harmaði hún mest að hafa ekki gert það fyrr þannig að hægt hefði verið að skrifa fréttir um að tvær lesbiur stýrðu Samfylking-unni. Yfirlysingin kom nokkuð á óvart, enda höfðu fáir gert sér grein fyrir því að formennska í ungliðahreyfingu gengi næst flokksformennsku í valdapír-amídanum. bergsteinn@frettabladid.is kolbeinn@frettabladid.is

Fjárfestum í kennurum

Alþjóðadagur kennara er hald-inn hátíðlegur víðs vegar um heim í dag, mánudaginn 5. október, að forgöngu Education International eða Alþjóðasam-bands kennarafélaga. Markmið alþjóðadagsins er að vekja athygli á kennarastarfinu og mikilvægu hlutverki kennara í samfélaginu. Yfirskrift dagsins er að þessu sinni „Að skapa framtíð: Nú er tími til að fjárfesta í kennurum“.

Yfirskriftin hefur sérstaka til-vísun til efnahagskreppunnar í heiminum og afleiðinga hennar. Kennarar standa víða um lönd frammi fyrir gífurlegum sparn-aðaraðgerðum og niðurskurði í fjárveitingum til skólamála sem bitnar á þeim með ýmsum hætti, m.a. fjölðauppsögnum, lokun skóla og mikilli fjölgun í bekkjardeild-um. Hér á landi hefur enn engum skóla verið lokað, en ríki og sveit-arfélög leita allra möguleika til að spara í rekstri. Vonandi gera stjórnvöld sér ljóst hver hætta er fölgín í því að láta kreppuna bitna með fullum þunga á skólakerfinu. Niðurskurður í mennta- og skólamála bitnar verst á fátæk-um nemendum og þeim nemend-um sem mesta þjónustu þurfa. Hann er því aðför að jafnrétti og mannréttindum. Það gildir jafnt á Íslandi sem í öðrum löndum.

En er þá ekki eðlilegt í kreppu að skera niður fjárveitingar til þessara mála eins og annarra? Svarið er nei. Það er þvert á móti óskynsamlegt að skera niður útgjöld til skólamála við núver-andi aðstæður. Nú eigum við að slá skjaldborg um skólana og verja þá áföllum. Menntun er auð-lind sem við eigum að hagnýta. Fjárveitingar til mennta- og skóla-mála eru langtímafjárfesting og



HELGI E. HELGASON Í DAG | Alþjóðadagur kennara

algert forgangsmál í endurreisn íslensks þjóðfélags.

Laun og afkoma kennara á grunn- og framhaldssólastigi eru mjög ólík eftir löndum og hlutur þeirra í þjóðarkökunni er mis-munandi. Nýlega kom út skýrsla OECD, „Education at a Glance 2009“. Þar er að finna margvísleg-ar upplýsingar um fjárveitingar til menntamála í aðildarríkjunum, meðal annars um laun kennara. Upplýsingarnar um laun byggjast á tölum frá árinu 2007 þegar allt virtist leika í lyndi hér á landi og dansinn kringum gullkálfinn stóð sem hæst.

Í skýrslunni kemur fram að í göðærinu svokallaða stóðu laun íslenskra kennara á grunn- og framhaldsskólastigi langt að baki launum kennara í flestum þeim löndum sem við erum vön að bera okkur saman við, hvort sem lítið er til launa eða hlutfalls þeirra af landsframleiðslu á mann. Þó að stjórnmálamenn hafi gumað af því að Íslendingar hafi aukið verulega fjárveitingar sínar til skóla- og menntamála á undan-förnum árum er ljóst að þær hafa ekki nema að litlu leyti runnið til kennara.

Í áðurnefndri skýrslu OECD kemur fram að árið 2007 var

kaupmáttur launa íslenskra grunnskólakennara (með að minnsta kosti 15 ára starfs-reynslu) mældur með svonefnd-um PPP-stuðlum u.þ.b. 40% lægri en kaupmáttur launa grunn-skólakennara (lower secondary education) að meðaltali í OECD-ríkjunum. Sama ár var kaupmátt-ur launa íslenskra framhalds-skólakennara u.þ.b. 28% lægri en kaupmáttur launa framhalds-skólakennara (upper second-ary education) var að meðaltali í OECD-ríkjunum.

Árið 2007 voru laun grunnskóla-kennara 71% af landsframleiðslu á mann á Íslandi það ár. Sambæri-leg tala var að meðaltali 123% í OECD ríkjunum. Sama ár voru laun íslenskra framhaldsskóla-kennara 90% af landsframleiðslu á mann á Íslandi það ár. Sambæri-leg tala var 130% að meðaltali í OECD-ríkjunum. Í skýrslu OECD er ekki fjallað um laun leikskóla-kennara og tónlistarskólakennara.

Sjálfsgert er óraunhæft að gera ráð fyrir að kennaralaun hækki verulega á næstu misserum. En fyrr eða síðar hljótum við að sjá til sólar. Tölnurnar hér að ofan sýna að íslenskir grunn- og fram-haldsskólakennarar eru, vegna lágra launa, mun verr undir það búnir að takast á við kreppuna en starfssystkinir þeirra í öðrum OECD-ríkjum. Það er því þeim mun meiri ástæða fyrir íslenska kennarastétt að taka undir kjörorð dagsins: „Að skapa framtíð: Nú er tími til að fjárfesta í kennur-um“ og hefja virkjun mannaúðs-ins, mikilvægustu auðlindar þessa lands.

Höfundur er fyrrverandi kynning-ar- og upplýsingafulltrúi KI.

Peningar lífeyrissjóðanna

UMRÆÐAN

Kjartan Broddi Bragason skrifar um lífeyrissjóðina

Eignir lífeyrissjóðanna eru á milli 1.500 og 2.000 millj-árðar króna, hátt í jafn miklar og skuldir heimilanna eru við bankakerfið, Íbúðalánasjóð og lífeyrissjóðina. Almennigur á Íslandi er eigandi að þessum fjármunum. En eru þessir fjár-munir að hjálpa til á sem heppi-legastan hátt svo reisa megi hér efnahagslífið við á sem skemmstum tíma? Ég ætla að nefna tvö atriði sem mér finnst stínga í stúf við eðlilega meðhöndl-un á „almannafé“.

Lífeyrissjóðirnir eiga í kringum 500 milljarða króna í erlendum eignum. Ef þeir – í samvinnu við ríkisvaldið og Seðlabankann – myndu flytja þessa fjármuni heim mætti losna við þá erlendu fjárfesta sem hér eiga krónur og vilja komast í burtu með sína fjármuni. Í framhaldinu yrði hægt að lækka stýrivexti umtalsvert og afnema núverandi gjald-eyrishöft. Það yrði veruleg búbot fyrir innlendan almenning.

Mjög háir raunvextir eru á fasteignaskuld-um heimilanna. Þeir eru mun hærri en þekkist



KJARTAN BRODDI BRAGASON

á nokkru öðru byggðu bóli. Stór hluti af þessum raunvaxtatekjum rennur til lífeyrissjóðanna sem eiganda að lífeyrissjóðslánum og að stórum hluta skuldum Íbúðalánasjóðs. Tímabundið mætti sjá fyrir sér að lífeyrissjóðirnir myndu lækka þessa raunvexti og gefa fólki tækifæri til að vinna á sínum skuldavandamálum. Þau eru ærin fyrir og nýlegar tillögur ríkisvaldsins gera ekkert nema lengja í þeirri hængingaról sem umlykur tugþús-undir íslenskra heimila. Tímabundin lækkun á vaxtakjörum yrði veruleg búbot fyrir innlendan almenning.

Í eðlilegu efnahagskerfi – eins og þekkist víða erlendis – eru oft á tíðum opnir möguleikar fyrir skuldara (þ.m.t. húsnæðiseigendur) að endurfjár-magna sínar skuldir þegar vaxtakjör taka miklum breytingum. Þar ríkir nefnilega samkeppni þegar kemur að ávöxtun fjármuna. Hér geta lífeyris-sjóðirnir ráðið langtímavöxtum í krafti einokunar – þeir ráða nefnilega yfir svo til einu langtímafjár-munum sem finnst á landinu.

Áhugavert væri – í því samhengi – að skoða hvort í núverandi kerfi felist einhvers konar „eðlilegar“ eignatilfærslur annars vegar almennt á milli fjármagnseignenda og skuldara og hins vegar í gegnum lífeyrissjóðakerfið á milli kynslóð-anna.

Höfundur er hagfræðingur.

NÁGRANNAVARSLA EYKUR ÖRYGGI

Nágrannavarsla hefur sannað sig sem einföld og áhrifarík leið til að fækka innbrotum, þjófnuðum og skemmdarverkum. Sjóvá vill leggja sitt af mörkum til þess að auka öryggi og hefur í samstarfi við Forvarnahúsið útbúið handbók um nágrannavörslu sem er aðgengileg á sjova.is. Auk þess eru haldin námskeið um uppsetningu nágrannavörslu en frítt er á þau fyrir viðskiptavinum í Stofni.

VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ SETJA UPP NÁGRANNAVÖRSLU

Kynntu þér nágrannavörslu á sjova.is.

SJÓVÁ

DANIEL BALDWIN FÆDDIST
PENNAN DAG 1960.

„Þegar fólk biður mig um að líta vel út fyrir sig í mynd spyr ég hvers vegna það sé ekki tilbúið að borga tveimur milljónum dollara meira í laun og ráða frekar Alec eða Billy. Ef það vill mig í hlutverkið þá fær það bara mig eins og ég er.“

Daniel Baldwin er næstelstur Baldwin-bræðranna en þeir hafa allir lagt leiklistina fyrir sig. Hann hefur leikið í fjölda mynda og leikstýrt nokkrum.



BETTA GERÐIST: 5. OKTÓBER 1989

Dalai Lama hlýtur Nóbelsverðlaun

Pennan dag fyrir 20 árum hlaut Dalai Lama friðarverðlaun Nóbels.

Dalai Lama voru valdamestu stjórn-málaleiðtogar Tíbet frá því á sautjándu öld fram til ársins 1951 er Kínverjar hertóku Tíbet. Dalai Lama er heitið sem einn aðal-leiðtogi lamasiðar, helstu gerðar búdd-isma í Tíbet, ber. Nú-verandi Dalai Lama heitir í raun Tenzin Gyatso. Hann fæddist 6. júlí 1935 og er sagður



fjórtaða endurholdgun Dalai Lama, andlegs leiðtoga Tíbets. Hann hefur verið í útlegð frá heimalandi sínu frá árinu 1959 og hefur verið búsettur á Indlandi síðan hann flúði þangað sama ár. Friðarverðlaun Nóbels hlaut hann fyrir að stuðla að friðsamlegri baráttu Tíbets gegn hernámi Kína á landi þeirra, en Dalai Lama hefur ávallt neitað að beita ofbeldi í baráttunni fyrir bættum hag landa sinna og frelsun Tíbets.

MERKISATBURÐIR

- 1143 Konungsríkið León viðurkennir sjálfstæði Portúgals.
- 1568 Vilhjálmur þögli ræðst inn í suðausturluta Hollands.
- 1615 Spánverjavígin. Hópur basneskra hvalveiðimanna er drepinn við Skaganaust yst á Dýrafirði.
- 1897 Barnablaðið Æskan hefur göngu sína.
- 1910 Fyrsta lýðveldið stofnað í Portúgal. Emmanúel 2. konungur landsins flýr til Englands.
- 1946 Alþingi samþykkir að veita Bandaríkjunum afnot af landi á Miðnesheiði. Samningurinn veldur miklum deilum.
- 1946 Melaskóli hefur starfsemi.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskuleg móðir mín, tengdamamma, amma og langamma,

Kristín Arnórsdóttir

saumakona, frá Tindum í Reykhólasveit,

andaðist á elliheimilinu Grund 21. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Arnór Einarsson
Einar Þór Arnórsson
Kristín Arnórsdóttir
Steinunn Hauksdóttir
Birgir Hauksson
og langömmubörn.

Brynja Guðmundsdóttir

Jón Björn Skúlason

Guðrún Elin Guðmundsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur sambug og hlýju við fráfall föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Leifs Eiríkssonar

kennara frá Raufarhöfn,

til heimilis að dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði.

Eysteinn Völundur Leifsson
Rannveig Lovísa Leifsdóttir
Ingibjörg Friður Leifsdóttir
Erlingur Viðar Leifsson
barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabörn.

Ína Sigurlaug Guðmundsdóttir

Jón Guðmundur Sveinsson

Arndís Jóna Gunnarsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengda-faðir, afi og langafi,

Páll G. Pálsson

Arnarhrauni 5, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 6. október kl. 15.00.

Vilhjálmína S. Jónsdóttir
Anna Pálsdóttir
Ólafur Ingi Tómasson
Jónína Steiney Steingrimsdóttir
Þórarinn Smári Steingrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Ívarsson

Elinbjörg Stefánsdóttir



Elskuleg frænka okkar og mágkona,

Guðný Kristinsdóttir

Sléttuvegi 23, Reykjavík,

varð bráðkvödd mánudaginn 28. september. Jarðsett verður frá Neskirkju þriðjudaginn 6. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar láti líknarfélög njóta þess.

Fyrir hönd aðstandenda,
Rakel Viggósdóttir
Kristín Viggósdóttir
Ágústa Þórey Haraldsdóttir
Áslaug Jensdóttir



STRÁKARNIR Í SKÍTAMÓRAL Þeir hófu tónlistarferil sinn fyrir 20 árum þá 13 ára gamlir og eru enn að.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HLJÓMSVEITIN SKÍTAMÓRALL: 20 ÁRA

Upprísar og dauði sveitaballa

Förum aðeins aftur í tímann í huganum. Kannski um svona tíu ár. Það er sumar, raki í lofti og megn landalykt, sjáum fyrir okkur illa þefjandi rútu, unglinga á þykktbotna skóm og á leið á sveitaball. Hafi ferðalagið í huganum tekist vel til líður ábyggilega ekki á löngu þar til þú færð lag með sunnlensku sveitaballa-hljómsveitinni Skítamóral á heilann.

Hljómsveitin Skítamóral var vafalaust allra mest spilaða hljómsveit á seinni hluta tíunda áratugarins en hún ætla að fagna tuttugu ára starfsafmæli sínu á skemmtistaðnum Rúbín í Öskjuhlíð á fimmtudaginn næstkomandi klukkan átta. Reyndar er þegar orðið uppselt á þá tónleika svo ákveðið hefur verið að halda aðra seinna um kvöldið og mun meðal annars sjálfur Helgi Björnsson troða upp með Skímó, auk blásarasveitar Samma í Jagúar. Enn meira er í vændum enda virðist fólk sjaldnast fá nóg þegar Skítamóral er annars vegar.

Saga Skítamóral hófst árið 1989 hjá þrettán ára drengjum á Suðurlandi sem langaði að geta pikkað upp lög eftir Led Zeppelin, Uriah Heep og Deep Purple sem þeir höfðu heyrt í á vínýlplötum

feðra sinna. Þeir mættu síðar í Músíktílaunir þegar stelpnabandið Kolrassa krókríðandi vann; „Og fyrir utan stelpurnar í Kolrössi vorum við ábyggilega eina bandið sem ekki spilaði dauðarokk þetta kvöld,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson, eða Addi Fannar í Skímó eins og hann er oft kallaður, en mikil dauðarokksbylgja gekk yfir landið þegar strákarnir frá Selfossi voru að pikka sín fyrstu lög á gítarana.

Árið 1995 tóku þeir sig svo saman og spiluðu á jólaballi í gagnfræðiskóla á Selfossi og þrettándadansleik. Þetta átti svo eftir að vinda upp á sig. Árið 1996 kom fyrsti geisladiskur sveitarinnar út og ljóst var að Skítamóral myndi slá í gegn. Piltarnir seldu bílfarma af geisladiskum og fylltu hvert félagsheimilið á fætur öðru með rútuförum af unglingum. Selfoss var mekka tónlistarlífs á Íslandi í hugum unglinga og það þótti töff að reykspóla á gulum sportbílum.

Ástæður vinsældanna telur Arngrímur helst vera spilagleði sveitarinnar og að meðlimir hennar tóku sig mátulega alvarlega. „Við vorum ekkert að reyna að slá í gegn í útlöndum eins og svo margar aðrar hljómsveitir

á þessum tíma,“ segir hann. Aðalatriðið fyrir þeim hafi verið að skemmta sér og öðrum og það hafi þeir gert nær linnulaust allar helgar á sveitaböllum um langt skeið. „Ég hefði ekki fyrir nokkurn mun vilja missa af þessum tíma. Sveitaballamenningin held ég samt að sé dauð, við rétt náðum í skottið á henni,“ segir hann og útskýrir að miklar breytingar hafi orðið með hækkun sjálfræðisaldursins. „Á þessum tíma þótti eðlilegt að fylla helling af rútum af sextán ára unglingum og bruna svo með allt liðið meira og minna fullt með landa í flösku í félagsheimili úti á landi þar sem það skemmti sér svo eftirlitslaust og fór svo með rútunni aftur heim. Þetta yrði ekkert liðið í dag.“ Hann gefur lítið fyrir það þegar fólk auglýsir sveitaböll í dag, það sé allt annað að spila inni á skemmtistað heldur en í félagsheimili út í sveit og skipti þá engu hvort skemmtistaðurinn sé á Akranesi, í Neskaupstað eða annars staðar. „Reyndar finnst mér Nasa alveg eins og Miðgarður í Skagafirði þannig að það kemst næst sveitaballastemningunni,“ segir Addi Fannar að lokum.

karen@frettabladid.is



Elskuð eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Herdís Hergeirsdóttir

Móaflöt 49, Garðabæ,

lést laugardaginn 26. september á Landspítalanum í Fossvogi. Útför Herdísar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 7. október kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum.

Einar H. Ágústsson

Davíð Einarsson

Hergeir Einarsson

Hafsteinn Már Einarsson

Einar Örn Einarsson

Valur Freyr Einarsson

Ragnhildur Óskarsdóttir

Pálína G. Hallgrímsdóttir

Kristín Jóna Kristjánsdóttir

María Erla Marelsdóttir

Ilmur María Stefánsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Magnúsar Pórarins

Sigurjónssonar

Lindargötu 61, Reykjavík.

Ólafur Magnússon

Jónína Magnúsdóttir

Gylfi Þór Magnússon

Anna Sigurlaug Magnúsdóttir

Sigurjón Magnússon


og afabörn.

Jóna Guðjónsdóttir

Frimann Ingi Helgason

Helga Tryggvadóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



SKELJAR eru til margra hluta nytsamlegar. Ein góð hugmynd er að nota þær í baðherberginu til að geyma sápushycki. Hægt er að útbúa fallega skál með því að líma litla skel undir stóra og búa þannig til fót á stóru skelina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



Speglalím

Þéttiefni - Límeftni

Sérhannað teygjanlegt sílikon lím, með góða viðloðun við flestar gerðir af speglum. Skemmir ekki spegilhúðina.



Eigum einnig til önnur lím og þéttiefni í úrvali.

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Viðhaldsfriar

ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfriar“ þakrennur. Rennumar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftfræstistokkar og tengistykki



Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is



Ugla hefur fylgt Önnu Svövu í gegnum marga flutninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dramatískur barnalampi

Leikkonan Anna Svava Knútsdóttir heldur mikið upp á uglulampa sem mamma hennar gaf henni í jólagjöf. Lampann hefur hún í stofunni og leitar stundum til uglunnar um svör við lífsins ráðgátum.

„Mér þykir sérstaklega vænt um uglulampann sem mamma gaf mér í jólagjöf. Lampinn var keyptur í Kísunni á Laugavegi og er úr plasti, þannig að hann er sérlega hentugur til flutninga. Þegar ég hugsa út í það, þá getur meira en vel verið að þetta sé barnalampi. En það er þá bara hið besta mál,“ segir Anna Svava Knútsdóttir leikkona þegar hún er spurð um eftirlætishlutinn á heimili sínu.

Anna Svava segist sérlega ánægð með hversu mikið álag

lampinn polir, því hún hefur staðið í mörgum flutningum að undanfögnu. „Fyrst flutti ég í Þingholtin, þaðan til Akureyrar og svo aftur í Þingholtin og að lokum flutti ég aftur á annan stað í Þingholtunum. Ugla góða hefur fylgt mér í gegnum alla þessa flutninga. Það fylgja mér ekki mörg húsgögn milli flutninga og þegar ég sting lampanum í samband finnst mér ég vera komin heim.“

Þó eru það ekki einungis þolgæðin sem gera uglulampann að eftirlætishlut leikkonunnar.

„Lampinn gefur frá sér mjög hlýlega og vinnalega birtu. Ugla er líka svo dramatísk og gáfuð með sín rauðu augu. Það er frábært að geta leitað til uglunnar um svör við lífsins ráðgátum,“ segir Anna Svava og hlær.

Aðspurð segir Anna Svava uglulampann vekja nokkra athygli gesta á heimili hennar. „Flestir þeirra segja einfaldlega „Hei! Flottur lampi!“ segir Anna Svava.

kjartan@frettabladid.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Nýr Wallhugger á tilboði



IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Ópið virka daga kl. 12:00-18:00 – laugardaga kl. 12:00-16:00



FALLEGAR FLÖSKUR fylltar af uppþvottalegi geta vel komið í staðinn fyrir ljóta brúsa. Þannig þarf ekki að fela uppþvottalögin í vaskskápnum. Sniðugt getur verið að setja áfengisskammtara á flöskuna til að takmarka flæði uppþvottalagarins.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Kjarni málsins Ekkert viðhald

REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is

Kjarnagluggar
Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

Íslenskt hugvit í skrifstofuhúsgögnum

Valdimar Harðarson arkitekt hefur hannað nýja línu af skrifstofuhúsgögnum fyrir Pennann.

„Í raun eru ekki mörg fyrirtæki að stækka við sig húsnæði í dag og því þurfa íslensk fyrirtæki fyrst og fremst að geta nýtt núverandi rými betur,“ segir Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir, markaðs- stjórnari Pennans. Penninn kynnti nú fyrir helgi nýja húsgagnalínu fyrir skrifstofur sem kallast FANSA PLÚS en húsgögn línunnar eru að sögn Ingibjargar í ódýrari kantinum og og línun býður upp á marga útfærslumöguleika í uppröðun og samsetningu.

Valdimar Harðarson arkitekt er hönnuður línunnar en Valdimar hefur í um 25 ár hannað skrifstofuhúsgögn fyrir Pennann og framleiðsla á Fansa-línunni hófst fyrir tveimur árum og Trésmiðjan GKS framleiðir húsgögnin. Valdimar er margverðlaunaður arkitekt og hefur komið að mörgum stórum verkefnum. Meðal þess sem hann



FANSA-PLÚS er hannað af Valdimar Harðarsyni arkitekt og húsgögnin bjóða upp á fjölda möguleika í útfærslum.

hefur gert er hinn nafntogaði stóll Sóley sem kom á markað árið 1983 og hefur unnið til fjölda verðlauna.

- jma

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Rauðakrosshúsið Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Mánudagurinn 5. október

Facebook fyrir byrjendur - Komdu með fartölvu ef þú átt þess kost. Tími: 12.30-14.00.

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 13.00-14.30.

Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.

Hraðskákmót - Róbert Lagerman og Hrannar Jónsson eru skákstjórar. Tefldar verða nokkrar umferðir eftir Monradkerfi. Tími: 13.30-15.00.

Minna stress með réttu mataræði - Fáðu góð ráð til að draga úr stressi. Tími: 15.30-16.30.

Þriðjudagurinn 6. október

Qi – Gong - Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.

Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu útifötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Tími: 13.30 -17.00.

Avatar. Skapandi viðhorf og stjórnum – Soffía Lára avatarmeistari leiðbeinir og þjálfar þig í viðhorfsbreytingu. Fyrri hluti. Tími: 13.30-15.00.

Baujan sjálfstyrking - Lokað! Tími: 15.00 -16.30.

Skapandi skrif í dagbókina - Lærðu nýjar aðferðir! Tími: 15.00 -16.00.

Miðvikudagurinn 7. október

Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu útifötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Tími: 12.00 -13.00.

Rauði kross Íslands Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | **Opið virka daga kl. 12-17**

Atvinnuumsókn og ferilskrá í tölvum - Aðstoð og sýnikennsla á því hvernig atvinnuumsóknir eru gerðar á netinu og ferilskrár sendar. Tími: 12.30-13.30.

Tölvuaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð! Fólk er hvatt til að hafa eigin tölvu meðferðis ef þess er kostur. Tími: 13.30-15.30.

Japanska og japönsk menning - Lærðu japanska kurt-eisi á japönsku! Annar hluti af þremur. Tími: 14.00-15.00.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Hagsýni og hamingja eftir Láru Ómarsdóttur. Tími: 14.00-15.00.

Hagsýni og hamingja - Lára Ómarsdóttir segir frá því hvernig má lifa af litlu með bros á vör. Tími: 15.00-16.00.

Æðruleysi, kjarkur, vit - Í þessari viku beinum við sjónum okkar að æðruleysinu. Tími: 15.30-16.30.

Fimmtudagurinn 8. október

Meðvirkni - Opnar umræður - Tími: 12.30-13.30.

Föndur, skrápp myndaalbúm og jólakort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.

Spilaklúbbur - Komdu og spilaðu! Tími: 13.30-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagurinn 9. október

Einkatímar í söng - fullt. Tími: 12.00 -14.00.

Syngjandi í súpunni– Fáðu súpu og syngdu með! Tími: 12.00-13.30.

Esperanto– Uppruni, bygging, saga og útbreiðsla ásamt laúfléttum æfingum. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Sænskar kommóður

VINKONUR SAMAN Í HÚSGAGNAHÖNNUN

WIS Design kallast hönnunarfyrirtæki Lisu Widén og Önnu Irinarchos í Stokkhólmi en þær hafa komið með ferska strauma í iðnhönnun síðustu árin og gera nú stórkostlega hluti með því nýjasta – kommóðum sem kallast Collect. Kommóðurnar innihalda ýmist 15 eða 18 skúffur og leika þær sér með líti skúffanna og mynstur. Kommóðurnar eru til í tveimur stærðum en burðarvirkið er alltaf hvítt.

Kommóðurnar koma í tveimur útfærslum – önnur með málaðar viðarskúffur. Collect-kommóðan hefur sést víða í hönnunartímaritum undanfarið, svo sem Elle Decoration og Living etc.

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR

5. OKTÓBER 2009



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið

hjarta heimilisins



Svefnherbergið

þægilegt andrúmsloft



Forstofan

einfaldara verður það ekki



Stofan

alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið

hlýtt og mjúkt undir fæti

Forbo

FLOORING SYSTEMS

Heimilisdúkur, sígild lausn:

-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfduki og teppi

KJARAN
GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

OTD JARNSKASTA

gamli tíminn



Viðarpanellinn setti mikinn svip á holið.



Gamla eldhúsið var í sérherbergi.



Gestasalerni með upprunalegum flisum.



Borðstofan við hlið eldhússins. Nú hefur verið opnað á milli.



Herbergjagangur á efri hæð.



Bókahillurnar í stofunni voru fluttar með úr gömlu íbúðinni en þær létu húsráðendur sérsníða á sínum tíma. Þau fengu hugmyndina að þeim í húsbúnaðarblaði en hönnuðu þær sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DRAUMAÍBÚÐ

fyrir sex manna fjölskyldu

Tveggja hæða íbúð í Teigunum varð fyrir valinu þegar sex manna fjölskylda leitaði sér að framtíðarhúsnæði. Íbúðin var tekin í gegn á undraskömmum tíma enda fjölskyldan bæði handlagin og harðdugleg.

Það er ekki endilega einfalt mál að finna draumahúsið fyrir sex manna fjölskyldu. Þegar hjónin Ólafía Ása Jóhannesdóttir og Sigurður Garðar Kristinsson fóru á stúfana var lagt af stað í leitina með langan óskalista. Þeim fannst mikilvægt að vera miðsvæðis í Reykjavík, vera nálægt leikskóla og skóla, tónlistarskóla og íþróttastarfi. Helst áttu börnin að fá sérherbergi.

Leitin að draumaíbúðinni tók nokkurn tíma en svo duttu þau niður á tveggja hæða íbúð við Hraunteig, heila 220 fermetra. „Það þurfti að gera mjög mikið þannig að fólk reyndi að koma vitinu fyrir okkur, en okkur leist bara svo vel á þess íbúð, hún hafði allt,“ segir húsfreyjan sem tekur á móti gestum í innlitið.

Húsið var byggt á fimmta áratugnum og er í hefðbundnum stíl Teiganna. Þegar inn er komið blasir við forlata línóleum dúkur sem leyndist undir teppi. Gengið er upp á aðra hæð en á henni eru stofa, gestaklósett, vinnuherbergi, hjóna-herbergi og eldhús. Uppi eru svo barna-herbergin fjögur, þvottahús og klósett. Panell á veggjum setur svip sinn á íbúðina en hann völdu húsráðendur að mála í háglanshvítu til að létta ásjáð íbúðarinnar. Það var þó ekki einföld ákvörðun. „Við veltum þessu vandlega fyrir okkur skal ég segja þér, og fengum vini og vandamenn til að segja sína skoðun og fólk skiptist í fylkingar,“ segir Ása sem er mjög sátt við hvítu leiðina. „Þetta er svona skandinavískt, við fílum það.“

Auk þess að mála alla íbúðina var skipt um gólfefni sem létti einnig ásjáð hennar. En eitt mesta þúlið var að opna eldhúsið því í ljós



Opnað var á milli eldhúss og borðstofu og forlata eyju komið fyrir.



Borðstofuborðið er úr Góða hirðinum og lampinn sömuleiðis.



Innbyggðar hillur sjást hér í bakgrunni en þær eru upprunalegar.

kom að gólfið þar var hærra en annars staðar í íbúðinni sem þýddi mikinn steypuburð fyrir heimilisföðurinn og vini hans. „Við borguðum ekki fyrir neina vinnu, heldur gerðum allt sjálf,“ segir Ása sem er nokkuð ánægð með eiginmanninn sem er lærður málari og laghentur mjög og var í fullri vinnu við endurbæturnar með góðri hjálp ættingja og vina.

Framkvæmdirnar tóku ótrúlega skamman tíma, íbúðin var keypt í apríllok 2007 og fjölskyldan flutti inn í júní. Svo heppilega vildi til að bæði voru í fæðingarorlofi vegna yngsta barnsins, og

því rýmri tími til framkvæmda en ella. Þrátt fyrir að kaupin hafi átt sér stað árið 2007 er lítil 2007 bragur á íbúðinni. Húsgögnin eru til aðmynda að stórum hluta keypt í Góða hirðinum. „Innréttingarnar í eldhúsinu eru úr Ikea og við misstum okkur ekki í blöndunar-tækjahönnuninni. Baðherbergin fengu svo ódýra en áhrifaríka andlitslyftingu, þar var einfaldlega málað yfir flísar.“

Fjölskyldan er mjög ánægð með útkomuna. „Íbúðin heldur svo vel utan um okkur,“ segir Ása. „Og hér í hverfinu er allt við hendina alveg eins og við vildum.“

- sgt

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM

KOMDU MEÐ MÁLIN OG VIÐ HÖNNUM, TEIKNUM OG GERUM ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ Í GLÆSILEGA DANSKA INNRÉTTINGU Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

www.friform.is

ELDHÚS EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ

BAÐ BETRI LAUSMIR MEIRA ÚRVAL

ÞVOTTAHÚS GÓÐ VINNUAÐSTADA SKIPTIR MÁLI

FATASKÁPAR Rennihurðafataskáparnir eru afgreiddir eftir máli, sniðnir að þínum óskum.

Mán. - föst. kl. 10-18
Laugard. kl. 11-16

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



Óskum eftir einbýli, par-, raðhúsi í Mosfellsbæ í skiptum fyrir 4ra herb íbúð

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.

Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar, með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **PIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmunum þína að leiðarljósi.



fasteignir

5. OKTÓBER 2009

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Eignir vikunnar



Skaftahlíð – Glæsil. rishæð.
Nýkomin í einkasölu glæsileg nær algerl. Endurn. 3ja herb., rishæð á frábærum stað. Nýl. Eldhús, bað, innr., lagnir og fl. Yfirbyggðar vestur svalir, þvottaost. Í íb. Verð 22,7 millj. Bein sala eða skipti á sérbýli í Mosf.bæ, Grafarvogi, Seljahverfi, Árbæ, Garðabæ, Kópav. (eldri). **Allar upplýsingar gefur Ingólfur Gissurarson lg.fs. 896-5222.**



Stigahlíð - Einbýli
Störglæsilegt og mikið endurnýjað einbýlishús. Stórar stofur, 5 svefnherbergi og fallegt nýtt eldhús. Falleg eign miðsvæðis í borginni. **V 69,9 millj. Upplýsingar veitir Sígþór s:899 9787**



Garðaflöt
The Strokes í því sjöunda. Í áttunda sæti varð svo Ágætis byrjun með okkar mönnum í Sigur Rós. Ekki amalegur árangur það.

Öllu gríni fylgir einhver alvara

Þegar grínistinn George Simmons greinist með banvænan blóðsjúk-dóm, er honum gefið eitt ár ólíf-að. Hann ákveður að snúa sér aftur að uppistandi og fær ungan grín-ista til að skrifa fyrir sig nýtt efni. Simmons finnst hann hafa lifað inn-antómu lífi og er hans helsta eftir-sjá endalok sambands við gamla kærustu, sem hann vill hitta á ný.

Leikstjóri Funny People, Judd Apatow, hefur á fimm árum skapað sér nafn sem grínkóngur drauma-smíðjunnar. Hann hefur framleitt margar af betri gamanmyndum síð-astliðinna ára og leikstýrt þremur myndum, The 40 Year Old Virgin, Knocked Up og núna Funny Peop-le. Fyrirnefndar myndir hafa átt það sameiginlegt að dansa á lín-unni milli þess að vera gaman- eða dramamynd. Að þessu sinni tekst línudans Apatows mjög vel. Þó nokkuð er um uppistand og hún-orinn hittir í mark í nánast hvert einasta skipti. Líkt og í fyrri mynd-um Apatows er góður boðskapur í myndinni, að við höfum öll ein-

hverja galla og það að geta umborið galla annarra, gerir okkur að betri einstaklingum.

Leikhópur myndarinnar er afar vel settur saman. Adam Sandler og Seth Rogen fara með aðalhlutverkin sem Simmons og ungi grínistinn Ira Wright. Sandler er sniðinn í hlut-verk hins útbrunna Simmons, enda eiga þeir margt sameiginlegt, þ.á.m. að hafa byrjað ungir í uppistandi og að vera útbrunninn eftir slæmt val á kvikmyndum. Það fer ekkert á milli mála að leikur Sandler er það besta sem hann hefur gert á ferlin-um. Sama má segja um Rogen, sem er kominn í gott form og er á góðri leið að verða vinsælasti gamanleik-ari sinnar kynslóðar. Herbergisfé-lagar Rogens eru leiknir af Jonah Hill og Jason Schwartzman, og er þeirra samleikur frábær. Í öðrum hlutverkum eru Leslie Mann sem fyrrverandi kærasta Simmons og Eric Bana sem eiginmaður hennar.

Það fer ekkert á milli mála að myndin er Apatow afar persónuleg og hann meðhöndlar bæði persón-



KVIKMYNDIR

Funny People

Leikstjóri: Judd Apatow. Aðalhlut-verk: Seth Rogen, Adam Sandler.

★★★★

Gríndrama af bestu gerð.

ur og söguna af mikilli umhyggju. Ef áhorfendur fara á Funny People með því hugarfari að þeir séu að fara á „bráðfyndna mynd með Adam Sandler“ eða „fyndnustu gamanmynd ársins“ er ekki víst að hún virki eins og hún á að gera. Þrátt fyrir það stendur Funny People fyllilega undir nafni.

Vignir Jón Vignisson

FYRIR ÞÉR ER EINN DAGUR SEM ÞÚSUND ÁR

FRUMSÝND 6. OKTÓBER Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

GUD BLESSI ÍSLAND

FYRSTA KVIKMYNDIN UM HRUNID OG AFLEIÐINGAR ÞESS

FELIX FILMS / IRRIS FILM / MAJA DE FILM / "GUD BLESSI ÍSLAND"

STURLA JÓNSSON EVA HAUKSÐÓTTIR ÞÓRR RÚNAR GEIRJÓNSSON STEFFI THORS HILMAR ÖRN

WINGEL CINEMA SOUND INGVAR LUNBERG COLLECTOR DANIEL ODDSSON TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON EVA RINK HEINO DECKERT

MANAGER TITTI JOHNSON HELGI FELIXSON LEIKSTJÓRI HELGI FELIXSON

www.facebook.com/graenaljosid

græna ljósið



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Það er fátt sem jafnast á við að finna ískaldan sjóinn læsast um sig, missa andann augnablik. En samt jafnast einhvern veginn ekkert á við að komast upp úr aftur, finna blóðið streyma um líkamann á ný.

Hringdu í 5703030 og bókaðu nístingskalt það á nýjum stað..

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

> Valur hættur með Njarðvíkurliðið

Valur Ingimundarson er hættur sem þjálfari Njarðvíkur og stýrði liðinu því í síðasta sinn í úrslitaleik Powerade-bikarsins í gær. Þetta kom fram á heimasíðu Njarðvíkur en þar segir að Valur hafi gengið á fund stjórnar á föstudaginn og beðist lausnar frá störfum sem þjálfari félagsins frá og með deginum í dag. Valur hættir því sem þjálfari Njarðvíkur aðeins nokkrum dögum á eftir að bróðir hans, Sigurður Ingimundarson, hætti með sænska liðið Solna. Valur var einmitt úti hjá Sigurði þegar hann sagði upp hjá sænska úrvalsdeildarliðinu.

sport
sport@frettabladid.is



VALSKONAN LAUFHEY ÓLAFSDÓTTIR: ÁTTI FRÁBÆRA INNKOMU Í BIKARÚRSLITALEIK KVENNA Í GÆR

Ég var svo ánægð að fá auka hálf tíma

Reynsluboltinn Laufey Ólafsdóttir átti heldur betur draumaframmiðstöðu í bikarúrslitaleiknum í gær. Hún kom inn sem varamaður í seinni hálfleiknum og tryggði Val framlengingu með því að jafna í 1-1. Í framlengingunni bætti hún síðan öðru marki við. Laufey tók skóna úr hillunni í sumar og hún sér ekki eftir þeirri ákvörðun sinni. „Nei, heldur betur ekki. Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn tvöfalt með Val. Þetta er alveg æðislegt og frábært að fá að taka þátt í þessu,“ sagði Laufey sem naut leiksins í botn.

„Það er alltaf gaman að skora. Í framlengingunni virtist Blikaliðið búið á því og við vorum lausar um allan völl. Við yfirspiluðum þær bara. Ég var svo ánægð að leikurinn fór í framlengingu, flott að fá auka 30 mínútur. Það er svo gaman að

spila á þessum velli og þetta var allveg geggjáð.“ Hún ætlar að sjá til hvort skórnir fari aftur á hilluna eftir tímabilið eða hvort hún taki annað tímabil. „Maður á aldrei að segja aldrei, ég hef lært það. En ég er komin með barn og ætla að sjá til,“ sagði Laufey sem á allavega einn leik eftir með Valsliðinu, Evrópuleikinn gegn Torres á miðvikudag.

„Við ætlum að vinna þennan leik 3-0 á heimavelli, það er ekki spurning,“ sagði Laufey en Torres vann fyrri leikinn 4-1. „Við sýndum það í framlengingunni að við getum ýmislegt og þetta ætti að gefa okkur meðbyr fyrir þennan Evrópuleik.“

Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, segir að Laufey hafi gert mikið fyrir liðið í sumar. „Laufey er að njóta hvernar einustu mínútu, hvort sem það er á æfingum eða í leikjum. Ég veit að henni finnst þetta rosalega gaman og það eru forréttindi fyrir hana að geta komið til baka núna og við njótum þess með henni,“ sagði Freyr.



ENSKI BOLTINN

BOLTON-TOTTENHAM	2-2
BURNLEY-BIRMINGHAM CITY	2-1
HULL CITY - WIGAN ATHLETIC	2-1
MANCHESTER UNITED - SUNDERLAND	2-2
0-1 Darren Bent (6.), 1-1 Dimitar Berbatov (50.), 1-2 Kenwyne Jones (57.), 2-2 Sjálfsmark (90+2).	
WOLVES - PORTSMOUTH	0-1
ARSENAL - BLACKBURN	6-2
0-1 N'Zonzi (3.), 1-1 Thomas Vermaelen (16.), 1-2 David Dunn (30.), 2-2 Robin van Persie (32.), 3-2 Andrei Arshavin (36.), 4-2 Fabregas (56.), 5-2 Theo Walcott (74.), 6-2 Nicklas Bendtner (88.).	
CHELSEA - LIVERPOOL	2-0
1-0 Nicolas Anelka (59.), 2-0 Malouda (90.).	
EVERTON - STOKE CITY	1-1
0-1 Robert Huth (49.), 1-1 Leon Osman (54.).	
WEST HAM UNITED - FULHAM	2-2
1-0 Carlton Cole (15.), 1-1 Danny Murphy (46.), 1-2 Zoltán Gera (57.), 2-2 Junior Stanislas (91.).	

STAÐA EFTU LIÐA:

Chelsea	8	7	0	1	18-6	21
Man. United	8	6	1	1	19-8	19
Tottenham	8	5	1	2	19-12	16
Arsenal	7	5	0	2	24-10	15
Liverpool	8	5	0	3	22-12	15
Man. City	6	5	0	1	14-7	15



Á TOPPINN Didier Drogba og Florent Malouda fagna. NORDVPHOTOS/GETTY

Chelsea vann Liverpool 2-0: Drogba öflugur

FÓTBOLTI Didier Drogba lagði upp bæði mörk Chelsea í 2-0 sigri á Liverpool í stórleik ensku úrvalsdeildarinnar í gær en sigurinn kom Chelsea upp fyrir Manchester United og toppsætið þar sem United náði aðeins jafntefli á heimavelli á móti Sunderland.

„Við töpuðum á móti Wigan og því var mikilvægt að vinna þennan leik á móti liði sem mun berjast við okkur um titilinn. Það verður gott að fara í landsleikjahléið með þessi þrjú stig og á toppnum í deildinni,“ sagði Didier Drogba eftir leik. - óó

Valur og Breiðablik unnu

Breiðablik vann sinn fyrsta stóra titil í karlaflokki eftir sigur í vítakeppni á móti Fram og Valskonur unnu tvöfalt eftir 5-1 sigur á Blikum í framlengingu.

FÓTBOLTI Það var mikil spennan í Laugardalnum um helgina þegar karlalið Breiðabliks og kvennalið Vals tryggðu sér sigur í VISA-bikarnum. Báðir bikarúrslitaleikirnir fóru í framlengingu og karlaleikurinn fór alla leið í bráðabana í vítakeppni. Karlalið Breiðabliks vann þarna sinn fyrsta stóra titil frá upphafi á meðan Valskonur náðu loksins að vinna tvöfalt eftir hafa klikkað í bikarkeppninni undanfarin tvö ár.

Ósvikinn fögnuður Blika

Mikið jafnræði var með liðunum í karlaleiknum á laugardag og það sem skildi liðin að var vítaspyrna Paul McShane sem hafnaði í tréverkinu. Hinn ungi og stórfnilegi Alfreð Finnbogason átti skínandi leik fyrir Blika. Hann kórónaði gott sumar sitt með því að setja boltann þrívægis í netið í leiknum; í venjulegum leiktíma, framlengingunni og í vítaspyrnukeppninni.

„Mann hefur dreymt um þetta lengi og svo rætist þetta. Það er eiginlega allt í móðu enn. Maður á eftir að líta á þetta eftir einhver ár og sjá hversu mikil snillið þetta er. Ég held að þetta sé upphafið að sigurveldi Blika, það er gott að brjóta ísinn,“ sagði Alfreð eftir leik en fögnuður þeirra grænu var ósvikinn.

Alfreð segir að hugur sinn stefni út í atvinnumennsku. „Það er samt enginn heimsendir að taka eitt tímabil í viðbót hérna heima. Ég ætla bara að njóta kvöldsins áður en ég skoða það,“ sagði Alfreð.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, var ekki síður ánægður. „Þetta var múr sem hafði aldrei verið brotinn. Svo fer þetta bara eftir því hvernig við vinnum úr framhaldinu hversu mikið titillinn gefur félaginu,“ sagði Ólafur.

„Eins og allir höfðu sagt þá var þessi leikur mjög jafn. Ég er



TVÖFALT Kvennalið Vals kórónaði frábært sumar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



TVENNA Alfreð Finnbogason var maður dagsins hjá Blikum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

rosalega stoltur af strákunum. Menn hafa talað um það að þeir séu kjúklingar. Þeir hafa farið rosalega grýttan veg og fengið að kynnað miklu mótlæti í sumar en þeir verða sífellt sterkari.“

Mögnuð framlenging Valskvenna

Úrslitaleikur kvenna var í járnum í venjulegum leiktíma og staðan 1-1 þegar honum var lokið. Í fram-

lengingunni höfðu Valskonur hins vegar öll völd og slátruðu Kópavogslíðinu sem þurfti aftur að sætta sig við silfurverðlaun.

„Við erum klárlega í betra formi en þær, ég það er alveg ljóst. Við erum í betra formi og vorum hungraðri. Það er engin önnur skýring á þessum yfirburðum okkar í framlengingunni,“ sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals.

„Ég er alveg í skýjunum. Það var spennubrunguð að fara í framlenginguna og mikið undir. Ég hugsaði út í það hvort mitt lið væri þreytt eftir þetta ferðalag okkar í síðustu viku en ég það þær um að spýta í lófana og minnti þær á æfingarnar í vetur. Við bara pökkuðum þeim saman í framlengingunni,“ sagði Freyr.

Gary Wake, þjálfari Breiðabliks, segir sigur Vals í leiknum sanngjarnan. „Við fengum tækifæri til að komast í 2-0 en fáum í staðinn jöfnunarmark á okkur og þá hrundi allt. Við áttum ekkert í þær í framlengingunni,“ sagði Wake.

- egm

ÚRSLIT LEIKJA

VISA-bikar úrslit

Karlar

Fram-Breiðablik 2-2 (4-5 í vítakeppni)
0-1 Alfreð Finnbogason (60.), 1-1 Ingvar Þór Ólason (72.), 1-2 Sam Tillen, víti (104.), 2-2 Alfreð Finnbogason, víti (108.)

Vítakeppnin: 0-1 Alfreð Finnbogason, 1-1 Sam Tillen, 1-2 Guðmundur Pétursson, 1-2 Hjálmar Þórarinnsson, (Ingvar ver), 1-2 Arnór Aðalsteinsson (Hannes ver), 2-2 Guðmudnur Magnússon, 2-3 Olgeir Sigurgeirsson, 3-3 Ingvar Þór Ólafsson, 3-4 Kári Ársællsson, 4-4 Joe Tillen, 4-5 Elfar Freyr Helgason, 4-5 Paul McShane (slá)

Konur

Valur-Breiðablik 5-1 (framlengt)
0-1 Erna Björk Sigurðardóttir (75.), 1-1 Laufey Ólafsdóttir (82.), 2-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (94.), 3-1 Laufey Ólafsdóttir (98.), 4-1 Kristín Ýr Bjarnadóttir (104.), 5-1 Dóra María Lárusdóttir (113.)

Powerade-bikar úrslit

Karlar

Grindavík-Njarðvík 79-62 (39-36)
Stig Grindavíkur: Armani Bin Daanish 19 (12 frák.), Þorleifur Ólafsson 15, Páll Axel Vilbergsson 13, Ómar Sævarsson 10, Arnar Freyr Jónsson 9, Guðlaugur Eyjólfsson 8, Ólafur Ólafsson 5,
Stig Njarðvíkur: Jóhann Árni Ólafsson 14, Magnús Þór Gunnarsson 13, Kristján Sigurðsson 12, Guðmundur Jónsson 9, Friðrik Stefánsson 8, Hjörtur Hrafn Einarsson 2, Páll Kristinnsson 2, Rúnar Ingi Erlingsson 2.

Konur

KR-Hamar 67-63 (35-25)
Stig KR: Jenny Pfeiffer-Finora 21, Margrét Kara Sturludóttir 13 (8 fráköst, 5 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 11 (11 fráköst, 5 varin), Unnur Tara Jónsdóttir 8, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 7, Hildur Sigurðardóttir 7, Helga Einarssdóttir 1.
Stig Hamars: Koren Schram 15 (6 fráköst, 6 stoð sendingar), Krístrún Sigurjónsdóttir 12, Sigrún Ámundadóttir 10 (12 fráköst, 4 stoðs.), Guðbjörg Sverrisdóttir 8 (9 fráköst), Hafúrinn Hálfánardóttir 7 (7 fráköst), Íris Ásgeirsdóttir 6, Fanney Lind Guðmundsdóttir 5.

Formúla 1 í Japan

Úrslitin í gær

1. Sebastian Vettel, Red Bull-Renault 10
2. Jarno Trulli, Toyota 8 stig
3. Lewis Hamilton, McLaren-Mercedes 6

Staðan í stigakeppni öikumanna

1. Jensen Button, Brawn-Mercedes 85 stig
2. Rubens Barrichello, Brawn-Mercedes 71
3. Sebastian Vettel, Red Bull-Renault 69
4. Mark Webber, Red Bull-Renault 51,5
5. Kimi Raikkonen, Ferrari 45

Grindavík og KR urðu bæði Powerade-bikarmeistarar í Laugardalshöllinni í gær:

Breyttu bæði silfrinu í gull

KÖRFUBOLTI Karlalið Grindavíkur og kvennalið KR hófu tímabilið í fyrria á því að fá silfur í Powerade-bikarnum og enduðu það síðan á því að rétt missa af Íslandsmeistaratitlinum eftir æsispennandi oddaleiki í lokaúrslitum. Þau eru bæði byrjuð á að gera betur á nýju tímabili því þau tryggðu sér fyrsta titil vetrarins í úrslitaleikjum Powerade-bikarsins í gær.

Grindavík vann öruggan 17 stiga sigur á Njarðvík, 79-62, í úrslitaleik karla þar sem Grindvíkingar voru miklu sterkari í seinni hálfleik eftir jafnan fyrri hálfleik. Njarðvíkingar byrjuðu betur og voru 25-24 yfir eftir fyrsta leikhuta en Grindavík var komið 39-36 yfir í hálfleik og vann síðan seinni hálfleikinn 40-26.

Armani Daanish var með 19 stig og 12 fráköst hjá Grindavík og Þorleifur Ólafsson skoraði 15 stig, tók



HILDUR SIGURÐARDÓTTIR Fyrirliði KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

8 fráköst og gaf 6 stoðsendingar. KR vann 67-63 sigur á Hamar í úrslitaleik kvenna þar sem Hamarsliðið vann sig inn í leikinn á ný með frábærum þriðja leikhuta sem liðið vann 22-10. KR byrjaði betur, var 35-25 yfir í hálfleik og náði mest 14 stiga forskoti áður en Hamar kom sér aftur inn í leikinn



ÞORLEIFUR OG BRENTON Fyrirliðar Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

með frábærum spretti. KR nýtti sér hins vegar villuvandræði lykilmanna og landaði sigrinum. Jenny Pfeiffer-Finora var stiga-hæst hjá KR með 21 stig, Margrét Kara Sturludóttir var með 13 stig og Signý Hermannsdóttir var með 10 stig, 11 fráköst og 5 varin skot. - óó

Meistaradeildin

FLUG OG MIÐI Á LEIK

**Arsenal
AZ Alkmaar**

4.-5. nóvember

TILBOÐ!

Verð á mann:

56.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á leik.

FLUG OG MIÐI Á LEIK

**Arsenal
Standard Liège**

24.-25. nóvember

TILBOÐ!

Verð á mann:

56.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á leik.

Það verður gott úrval af leikjum í allan vetur hjá Express ferðum



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



STÖÐ 2 TIL 5. FEBRÚAR
Á ADEINS 6.690 KR. Á MÁNUÐI
OG ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2 BÍÓ OG
STÖÐ 2 EXTRA FRÍTT MEÐ



EFTIRMINNILEG OKTÓBERKVÖLD
MEÐ ÞÍNUM NÁNUSTU
ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA



> Chloë Sevigny

„Ég gerði oft heimskulega hluti þegar ég var yngri bara af því að mér leiddist. Ég var samt góð stelpa og vildi alls ekki gera öðrum mein.“

Sevigny fer með hlutverk Nicolette í þættinum Big Love sem Stöð 2 sýnir í kvöld. kl. 21.40.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG STUTTUR LÍFSPÁTTUR

Af eldhúsinnréttingum og Mözdum

Núna þegar það liggur fyrir að íslenskt samfélag er að stórum hluta hrunið þykir mér viðeigandi að segja ykkur frá eldhúsinnréttingu austur á landi. Já, og þrem Mözdum. Það muna allir eftir lífsstílsþáttunum sem góðærið svokallaða færði okkur Íslendingum. Vala Matt fór inn á þriðja hvert heimili á landinu og talaði um rými. Fólk reif heilu íbúðarhúsin og byggði ný til að komast í þáttinn. Þátturinn var auðvitað viðbjóðsleg lággúra og versnaði þegar nýtt fólk tók við. Nóg sagt.

Fyrir réttum fjórum áratugum reistu foreldrar mínir sér hús. Það er ekki stórt og í því var ein hurð fyrstu árin. Fyrir útidyrum. Græn tjöld voru fyrir öllum herbergjunum og gólfefnin var steypan köld.

Það sem helst er að fréttu af húsinu góða er að í haust var eldhúsinnréttingin rifin niður og ný sett upp í staðinn. Ástæðan var sú að sífellt meiri líkur töldust til þess að innréttingin gæti fallið yfir mömmu við eldavélina, enda var hún sett upp til bráðabirgða árið 1969.

Á þessum fjörutíu árum voru keyptir fjórir bílar. Appelsínugul

Mazda árið 1974. Gulbrún Mazda árið 1979 og gekk undir nafninu Lordinn. Hans er helst minnst fyrir mosagróður í hurðum og að gólf ryðguðu í gat. Lordinum var skipt út fyrir rauða Mözdu (notaða) árið 1995 sem pabbi henti í fyrri. Þá gerði hann sér ljóst að enginn nægilega fær bífvélavirki var í landinu til að gera það sem gera þurfti. Nýr jeppi var því keyptur fyrir peninginn sem pabbi ætlaði að nota til viðgerðanna.



Þetta hljómar allt undarlega í eyrum minnar kynslóðar og þeirra sem tóku þátt í vitleysu síðustu ára. Voðalega hafa þau verið fátæk hugsa örugglega einhverjir. Það er ekki skýringin. Skýringin er einfaldlega nægjusemi.

Það kom mér heldur ekki á óvart þegar mamma sagði mér að hún lét setja upp heillegustu einingarnar úr gömlu eldhúsinnréttingunni í þvottahúsinu.

MÁNUDAGUR



► 18.50 Aston Villa - Man. City, beint STÖÐ 2 SPORT 2



► 20.10 Extreme Makeover. Home Edition STÖÐ 2



► 21.00 Melrose Place SKJÁREINN



► 22.15 Fangavaktin STÖÐ 2 EXTRA



► 22.25 Trúður SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Sammi (42:52)
- 17.37 Pálína (4:28)
- 17.42 Skellibær (4:26)
- 17.55 Útsvar Spurningakeppni sveitarfélaganna. Að þessu sinni mæstast lið Fjarða- byggðar og Hveragerðis. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir. (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Stefnumæði forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnu- ræðu sína og fram fara umræður um hana.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Trúður (Klovn V) (1:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
- 22.50 Íslenski boltinn Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótninu í fótbolta.
- 23.35 Fé og freistingar (Dirty Sexy Money 2) (19:23) (e)
- 00.20 Spaugstofan (e)
- 00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 París, Texas
- 10.20 Reign Over Me
- 12.20 The Borrowers
- 14.00 París, Texas
- 16.20 Reign Over Me
- 18.20 The Borrowers /Eintýri fyrir alla fjölskylduna um búálfa sem búa undir gólf- fjöllum í stóru húsi og bjarga sér með því að fá lánað það sem þá vanhagar um frá eig- endum hússins.
- 20.00 Cake. A Wedding Story Gaman- mynd um ungt par sem virðist vera dæmt til ógæfu eru þvinguð af foreldrum sínum til þess að halda stórt og íburðarmikið brúð- kaup.
- 22.00 No Way Out Spennumynd um sjó- liðsforingjann Tom Farrell og rannsókn hans á dularfullu morðmáli.
- 00.00 Grudge
- 02.00 Hellraiser. Inferno
- 04.00 No Way Out
- 06.00 The Upside of Anger

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og /Eintýri Juniper Lee.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (3:10)
- 10.55 60 mínútur
- 11.45 The Best Years (10:13)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Phat Girlz
- 14.45 Notes From the Underbelly
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Njónsaskólinn
- 16.18 Barnatími Stöðvar 2 /Eintýri Juniper Lee og Kalli litli Kanína og vinir.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (9:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons (3:25)
- 19.45 Two and a Half Men (20:24)
- 20.10 Extreme Makeover. Home Edition (22:25) Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga um sárt að binda og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
- 20.55 So You Think You Can Dance (2:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn.
- 21.40 Big Love (4:10) Bill Henrickson sem lifir margföldu lífi. Hann á þrjár eigin- konur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mik- illar athygli.
- 22.35 The Best Years (13:13) Unglings- túlkan Samantha Best er að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þar þarf hún að læra að takast á við háskólalífið og ástina.
- 23.25 It's Always Sunny In Philadelph- ía (1:15)
- 23.45 John From Cincinnati (7:10)
- 00.35 True Blood (2:12)
- 01.30 Flight 93
- 03.00 Rescue Me (1:13)
- 03.45 Phat Girlz
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Sevilla - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 17.30 Sevilla - Real Madrid Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 19.10 F1. Við endamarkið Keppni helg- arinnar krufin til mergjar. Gunnlaugur Rögn- valdsson og sérfræðingar skoða keppnina gaumgæfilega og leiða áhorfendur í gegnum allan sannleikann.
- 19.40 Presidents Cup 2007 Þáttur þar sem fjallað er um Forsetabikarinn 2007 en keppnin hefur gífurlega vinsæl undanfarin ár.
- 20.30 Meistaradeild Evrópu: Frétta- þáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 21.00 Spænsku mörkin Allir leikir um- ferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
- 22.00 Marseille - Mónakó Útsending frá leik í franska boltanum.
- 23.40 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 Burnley - Birmingham Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.50 Aston Villa - Man. City Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.
- 22.30 Aston Villa - Man. City Útsend- ing frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 00.10 Man. Utd. - Sunderland Útsend- ing frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.10 Spjallið með Sölva (2:13) (e)
- 08.00 Dynasty (64:88) (e)
- 08.50 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Spjallið með Sölva (2:13) (e)
- 12.50 Pepsi MAX tónlist
- 17.50 Dynasty (65:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar.
- 18.40 Game Tívi (3:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýj- asta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
- 19.10 Skemmtigarðurinn (3:8) Nýr ís- lenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverj- um þætti keppa tvær 5 manna fjölskyld- ur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni (e)
- 20.10 90210 (1:22) Önnur þáttaröð- in í unglingsæriú sem vakti mikla athygli sl. vetur. Systkinin Annie og Dixon Wilson fluttu til Beverly Hills með foreldrum sínum og komust fljótt að því að lif unglínganna í þessu ríkisbubbasamfélagi var gjörólíkt því sem þau áttu að venjast í Kansas.
- 21.00 Melrose Place (1:13) Þætt- imir eru byggðir á samnefndum þáttum sem nutu mikilla vinsælda um víða ver- öld fyrir tveimur áratugum. Þetta er endur- bætt og nútímaleg útgáfa af Melrose Place, með nýjum aðalpersónum en gömlu íbú- arnir eru þó ekki alveg búnir að slíta tengsl- in við staðinn.
- 21.50 CSI. New York (4:25) Banda- rísk sakamálaæra um Mac Taylor og félagu hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Háttsettir einstaklingar liggja undir grun í morðmáli þar sem kynlífsdúkka kemur við sögu.
- 22.40 The Jay Leno Show Spjallþátta-

INN

- 20.00 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með Íslenskar búvörur í öndvegi.
- 20.30 Hugspretta Þáttur í umsjón Andra Heiðars Kristinssonar.
- 21.00 Léttari leiðir Gaua litla Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þættinum.
- 21.30 Í nærveru sálar Gestir Kolbrún- ar eru Herdis Benediktsdóttir, Ragnheiður Jonna Sverrisdóttir og Bergþór Grétar Böðv- arsson.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

TILBOÐ

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR AF ÖRNUM

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF RÚMUM

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Rúm Gott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

So You Think You Can Dance

Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tókum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

ÞVIÐ MÆLUM MED Eldum íslenskt

INN KL. 20.00

Í Eldum íslenskt í kvöld verða útbúnir gómsætir réttir úr lambaskönkum. Þetta er ódýr og góður matur sem auðvelt er að elda. Kjötiðnaðar-meistari kennir áhorfendum að grafa lambavöðva og farið verður í réttir. Það eru bændur í samvinnu við nokkra meistarakokka sem standa að gerð þáttanna. Umsjónarmaður er Bjarni Kristinsson, yfirmatreiðslu-meistari á Hótel Sögu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst

06.50 Bæn

07.05 Vött og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.11 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

13.00 Hringsól

14.03 Bak við stjörnur

15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn

15.25 Fólki og fræði

16.00 Síðdegisfréttir

16.10 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Framtíð lýðræðis

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Syngjandi tré

23.05 Lostafulli listræninginn

23.40 Bláar nótur í bland

00.10 Næturtónar

FM 88,5

FM 90,9

FM 91,9

FM 93,5

FM 95,7

XA-Radíó

Gullbylgjan

Kaninn

Rás 1

FM957

FM 96,3

FM 96,7

FM 97,7

FM 98,9

FM 99,4

FM Suðurland

Létt Bylgjan

X-ið

Bylgjan

Útvarp Saga

FM 90,1

FM 102,2

FM 102,9

FM 105,5

Rás 2

Útvarp Latibær

Lindin

Útvarp Boðun

EXTRA

16.30 Doctors (10:26)

17.00 Doctors (11:26)

17.30 E.R. (10:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.15 Seinfeld (8:24)

18.45 Doctors (10:26)

19.15 Doctors (11:26)

19.45 E.R. (10:22)

20.30 Seinfeld (8:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Jamie At Home (8:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima. Hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.

22.15 Fangavaktin (2:8) Á Litla hrauni kemst Daníel að því að hann er kominn í meiri vandræði en hann átti von á gagnvart Ingva á meðan Georg festir sjálfan sig betur í sessi sem deildarformaður. Georg er þó enn með hugann við „Ólafinn“ sinn, sem þvælist um í kerfinu.

22.45 Monk (15:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

23.30 Numbers (12:23)

00.15 The 4400 (8:13)

01.00 Ástríður (7:12)

01.30 Auðdi og Sveppi

02.00 Sjáðu

02.25 Fréttir Stöðvar 2

03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBCentertainment

12.00 The Black Adder

12.35 Lead Balloon

13.05 Only Fools and Horses

13.30 Absolutely Fabulous

14.00 The Weakest Link

14.45 The Black Adder

15.15 Lead Balloon

15.45 Only Fools and Horses

16.15 Absolutely Fabulous

16.45 EastEnders

17.15 The Weakest Link

18.00 Lead Balloon

18.30 Coupling

19.00 Gavin And Stacey

19.30 Absolutely Fabulous

20.00 Life on Mars

20.50 Lead Balloon

21.20 Coupling

21.50 Gavin And Stacey

22.20 Absolutely Fabulous

22.50 EastEnders

23.20 The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.00 DR Update - nyheder og vejr

13.10 Boogie Mix

14.00 SPAM - Forældrene ud af Facebook!

14.30 Braceface

14.55 Den lyserode panter

15.00 Troldspejlet

15.15 Robotboy

15.30 Byggemand Bob

15.40 Benjamin Bjørn

16.00 Aftenshowet

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 Aftenshowet med Vejret

17.30 Gor det selv

18.00 Verdens værste naturkatastrofer

19.00 TV Avisen

19.50 Horison

19.50 SportNyt

20.00 Inspector Morse

21.45 Forbrydelsen II

22.45 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter

12.05 Naboer

12.30 Andre avenyen

13.00 NRK nyheter

13.10 Jessica Fletcher

14.00 NRK nyheter

14.10 Dynastiet

15.00 NRK nyheter

15.10 Oddasat - nyheter på samisk

15.25 Tid for tegn

15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Små Einsteins

16.25 Trond med hammern

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Puls

17.55 Tingenes tilstand

18.25 Redaksjon EN

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.35 Kautokeinoopprøret

20.25 Store Studio

21.00 Kveldsnytt

21.15 Derrick

22.15 Menneskets store vandring

23.05 Nytt på nytt

23.35 Sport Jukeboks

SVT 1

12.35 En stilla flirt

14.00 Rapport

14.05 Gomorron Sverige

15.00 Hannah Montana

15.25 Playa del Sol

15.55 Sportnytt

16.00 Rapport med A-ekonomi

16.10 Regionala nyheter

16.15 Fråga doktorn

17.00 Kulturnyheterna

17.15 Regionala nyheter

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Livet i Fagervik

18.45 Hemliga svenska rum

19.00 Kysst av spriten

19.30 Ålskade, hatade förtro

20.00 Skönhetsfläckar

20.55 Kulturnyheterna

21.10 Mannen under trappan

21.55 Här är ditt liv

23.25 Studio 60 on the Sunset Strip

ALLSBER

ALVEG KVIKNAKIN

ÝSUFLÖK

Roðlaus beinlaus ýsuflök

1.190 kr/kg

Allir ýsufiskréttir

1.190 kr/kg

Tilboðið gildir út alla vikuna. Sjáumst hress á eftir, þó ekki nakin!!!

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

HVÆÐ SEGIR MAMMA?



„Ég er mjög hreykin. Hún er að gera mjög flotta hluti. Mér finnst hún algjör snillingur í að hanna þessi munstur, hún spinnur þau beint upp sjálf. Mér finnst líka frábært að hún geti markaðssett peysurnar á þennan hátt og fengið fyrir þær eitthvað almennilegt.“

Hildur Baldursdóttir er mamma Rebekku Guðleifsdóttur sem þrónar sérhannaðar lopapeysur og flytur út.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. á kökur, 6. ógrynni, 8. ái, 9. ögn, 11. til, 12. skrá, 14. gimsteinn, 16. skóli, 17. í viðbót, 18. tímabils, 20. þessi, 21. leikni.

LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. guð, 4. ótviræður, 5. sigti, 7. fitlari, 10. sæ, 13. herma, 15. tafl, 16. tal, 19. vörumerki.

LAUSN

skák, 16. mál, 19. ss, 5. mið, 7. fiktari, 10. sjó, 13. apa, 15.

LÓÐRÉTT: 1. lófs, 3. ra, 4. eðlaus, auk, 18. árs, 20. sæ, 21. list.

LÁRÉTT: 2. krem, 6. of, 8. afi, 9. fis, 11. að, 12. skjala, 14. í, 16. ma, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Rannveig Rist.
- 2 Ævintýraeyjan - Uppgangur og endalok fjármálaveldis.
- 3 Rio de Janeiro.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



fyrir allar systur

ömmur - mömmur - dætur - vinkonur - frænkur ...

Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini



Serðir Monster syngur um kreppuna

„Það eru sirka tvær vikur í hana,“ segir Sverrir Stormsker um nýjustu plötuna sína, Tekið stærst upp í sig. Platan er lokahluti trílógíu, sem hófst árið 1995 með plötunni Tekið stórt upp í sig. Ári síðar kom Tekið stærra upp í sig og nú er sem sé síðasti hlutinn að koma út. „Ég gæti svo sem gert Tekið langstærst upp í sig, en þá væri ég að blóðmjólka hugmyndina,“ segir Sverrir, eða Serðir Monster eins og hann kallar sig á þessum plötum. „Þetta átti að vera groddaleg plata, vel klám-væn eins og hinar, en þá kom þessi skemmtilega kreppa sem mér fannst

ég verða að taka fyrir,“ segir hann. „En er þetta samt ekki sami hluturinn, þannig séð, kreppa og klám? Það er verið að taka okkur í (blíbb) í báðum tilfellum.“

Fyrri plöturnar tvær gengu mjög vel – „eins og ískald-ir klattar“ gantast Sverrir – og hann á von á að sú nýja geri það líka. Það er líka öllu tjaldað til, þarna eru 19 lög og „gomma af söngvurum“, Magni, Laddi og Birgitta Haukdal svo einhverjir séu nefndir. „Nei, Birgitta syngur ekki klámtexta, enda væri ekki hægt að láta einhvern

SYNGUR FYRIR SVERRI Ekkert klám samt.

sem lítur út eins og kópur til augnanna klæmast að neinu ráði,“ segir Sverrir. „En Sveppi er þarna og syngur eitt lag með Snorra Snorrasynti úr Idolinu. Það heitir „Nei, nei, ekki á kjólinn.“

Flest lögín á plötunni eru frum-samin en fyrsta lagið til að heyrast er tókulag, hinn væmni seventíslagari „Seasons in the sun“, sem heitir í flutningi Serðis „Mín slísi saga er sönn“. Þar syngur hann meðal annars: „Ég á í felum í útlöndum, jú eitthvað þínupons af milljörðum. Ég held ég flýi af Íslandi. Hér eru allir hvíslandi, ef ég er eitthvað sýslandi. Ég er foj, ég'er í fönn. Öll mín slísi saga'er sönn. En öll lög eru hjóm, ég mun aldrei fá neinn dóm.“

- drg




SERÐIR MONSTER SNÝR AFTUR Sverrir Stormsker breytti úr klámi í kreppu.

MAGNÚS EIRÍKSSON: ÞETTA VAR EITTHVAÐ ANNAÐ EN HASSIÐ

Á ferðalagi með geimverum

„Karlínn leyfði mér að lesa hana yfir og hún er mjög fín. Það eru sko engin leiðindi þarna í gangi enda er Magnús mikill sögumaður,“ segir Pálmi Gunnarsson, aðalsamstarfsmaður Magnúsar Eiríkssonar um ævisögu þess síðarnefnda, Reyndu aftur. Bókin er væntanleg 10. október. Tómas Hermannsson skráði söguna og er óhætt að segja að þetta sé ber-orðari ævisaga en gengur og gerist hjá íslenskum poppurum, meira „djúsi“. Magnús dregur hvergi undan í sögum af sukki, rokki og rugli. Ein allra furðulegasta sagan er um það þegar þeir Pálmi voru brottnumdir af geimverum úti á Snæfellsnesi. „Ég er sannfærður um að geimverur tóku okkur í smáferðalag,“ segir Magnús og Pálmi er á sama máli. „Ég bakka þessa sögu 100 prósent upp,“ segir hann.

Svona er sagan. Rúnar Marvinsson, kokkur á Búðum á Snæfellsnesi, hafði leyft Pálma og Magnúsi að vinna að músík fyrir næstu Mannakorns-plötu á hóteliinu gegn því að spila fyrir gestina. „Við ákváðum að drekka lítið. Ekkert sterkara en rósavín og reyktja pínulítinn hassmola sem við vorum búnir að eiga lengi,“ segir Magnús í bókinni. Hann heldur áfram: „Við fórum snemma að sofa og vöknudum hressir og kátir daginn eftir. Það var alveg heiðskír himinn. Sól og blíða. Við ákváðum að labba út í hraunið að Búðakletti. Á leiðinni ákváðum við að fá okkur aðeins í haus af molanum góða. Bara eina pípu. Við spjölluðum um væntanlega plötu og vorum í finu formi. Klukkan var svona tíu að morgni. Suðvestanmegin við Búðaklett er mosavaxin brekka. Þar lögðumst við niður og ákváðum að fara í sólbað enda ekki ský á himni. Ég leggst í mosavaxna brekkuna, beint á móti sólu. Smell ofan í mosann hálfuppréttur og fell óðar í trans. Þungan svefn. Ég var samt búinn



VORU SVO SPEISADIR AÐ ÞEIR GÁTU EKKI TALAD

Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson voru lengi að ná sér eftir að hafa verið brottnumdir af geimverum á Snæfellsnesi.

að sofa vel um nóttina. Pálmi sofnar svona tveimur metrum frá mér í nákvæmlega sömu stellingu.“

Nú fóru undarlegir atburðir að gerast: „Þarna hverfum við félaga-arnir og vöknum ekki aftur fyrir en sjö klukkustundum síðar, þegar klukkan er orðin fimm um daginn. Þá erum við búnir að liggja í nákvæmlega sömu stellingu, beint upp í sólina, í sjö klukkustundir. Undir öllum venjulegum kringumstæðum hefðum við átt að vera skaðbrunnir enda hafði ekki dregið fyrir sólu allan daginn. Mér var heitt þegar ég vaknaði en ég var nákvæmlega jafnfölur og þegar ég lagðist til svefns. Við Pálmi vöknudum alveg á sama augna-

blíkinu.“

Magnús og Pálmi voru svo speisadír að þeir gátu ekki talað. „Það var eitthvað allt annað en hass-eða áfengisvíma sem var í gangi þarna,“ segir Magnús. „Eitthvað óútskýranlegt. Allur máttur var úr okkur. Við rétt komumst upp á hótél.“

Hvorki varð úr lagasmíðum né tónleikahaldi og félaga-arnir voru lengi að ná sér. „Ég klóra mér enn í kollinum út af þessum tímum sem við töpuðum þarna,“ segir Pálmi. „Við Magnús tölum oft um þennan atburð. Við vorum lengi í afar sérkennilegu ástandi á eftir þetta, en það þarf kannski ekki mikið til.“

drgunni@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stefán Jónsson æfir nú Eftirlitsmanninn eftir Gogol með Nemendaleikhúsinu og dró fram úr þússi sínu hatt og staf sem afi hans, Haraldur Björnsson, ku hafa notað seint á fimmta áratug síðustu aldar í fyrstu uppfærslu verksins á vegum Leikfélags Reykjavíkur. Frumsýning á hatti og staf með öllu verður 9. október í Smiðjunni við Sólhvólsgötu. Næsta verk Nemendaleikhúss verður svo

Bráðum hata ég þig, eftir aðstoðarmann menntamálaráðherra, Sigtrygg Magnason.

Ármann Þorvaldsson, fyrrum bankastjóri Kaupþings, stal senunni um helgina. Nánast allir vefmiðlar og fréttatímar fóru í að segja frá skondnum, spennandi og skýrnum sögum af íslensku útrásinni. Þar ber kannski hæst fundur Jóns Ásgeirs og Mike Ashley, eiganda Newcastle, við sólarströnd en Ármann heldur því fram að íslenski auðjöfurinn hafi ætlað að kaupa þetta fornfræga knattspyrnufélag en lesbíndur tollvörður hafi klúðrað því.

Og **Ólafur Jóhannesson** frumsýndi á föstudaginn sjónvarpsþáttaröðina Stóra planið sem er byggð á samnefndri bíómynd með Péttri Jóhanni í aðalhlutverki. Leikstjórinn hefur í nógu að snúast þessa dagana því hann er á fullu í eftirvinnslu kvikmyndarinnar Kurt-eist fólk með Stefáni Karli í aðalhlutverki. Ekki nóg með það því Ólafur er einnig með heimildarmynd í bígerð sem gerist, líkt, og Kurteist fólk, í Búðardal.

- fgg

Frestar plötu vegna náms

Leikkonan Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir hefur nóg á sinni könnu þessa dagana því auk þess að stunda nám við Háskóla Íslands vinnur hún að nýrri barnaplötu og er á leið til Argentínu sem þátttakandi í hinum vinsæla þætti Wipeout.

„Ég hef verið að vinna að barnaplötu með frænda mínum, Magnúsi Jónssyni tónlistarmanni. Ég fékk hugmyndina þegar ég vann við Stundina okkar og í kjölfarið settist ég niður og samdi nokkra lagatexta og áður en ég vissi af var ég komin með texta við sextán lög,“ útskýrir Ísgerður Elfa. Hún segist hafa sótt innblástur í eigin barnæsku og fjallar einn textinn meðal annars um njósnafélag, en Ísgerður Elfa var meðlimur í einu slíku sem barn.

Til stóð að platan kæmi út fyrir jól en ákveðið hefur verið að fresta útgáfunni um óákveðinn tíma. „Við byrjuðum að vinna að plötunni

núna í haust og ætluðum að gefa hana út fyrir jólin, en þar sem við erum bæði í námi þá urðum við að fresta því.“ Spurð hvort hún muni fylgja plötunni eftir með tónleikaröð segist hún ekki hafa hugsað út í það. „Við erum hvorki búin með plötuna né komin með útgefanda þannig að ég ætla að klára það fyrst áður en ég fer að skipuleggja tónleika,“ segir hún og hlær.

Ísgerður flaug til Argentínu nú í morgunsárið. Aðspurð segist hún fá í magann við tilhugsunina um það sem bíður hennar á Wipeoutbrautinni, en að hún hafi einfaldlega ekki getað sagt nei við annari eins ævintýraferð. „Ég er viss um að þetta verði mikið ævintýri og ég mundi líklega sjá mikið eftir því hefði ég afþakkað boðið. Vinir mínir eru sérstaklega spenntir og ég er ekki frá því að af öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur séu þeir spenntastir fyrir þessu,“ segir Ísgerður Elfa að lokum.

- sm



MÖRG JÁRN Í ELDINUM Ísgerður Elfa stundar nám auk þess að semja efni fyrir barnaplötu og taka þátt í Wipeout.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LAGERHREINSUN Á BARNAFÖTUM FRÁBÆR VERÐ

70% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ



LAGERÚTSALA
AUSTURHRAUNI 3
210 GARDABÆ
S. 533 3811

72%
35%

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



ÞÓRHILDAR ELÍNAR
ELÍNARDÓTTUR


Bómullarlífið
búið að eilífu

Mánuði eftir að ég horfði klökk í skóla, taldist mér til að á tíma-bílinu væru horfnar þrjár húfur, eitt buff, fjölmargir vettlingar og ullarsokkar auk gullfallegu lopa-peysunnar frá ömmu. Þrátt fyrir talsverða vandvirkni höfðum við steingleymt að kenna barninu að passa sjálfu upp á fötin sín. Á tíu skrefa ferðalagi á frístundaheimilið eftir skólatíma getur greinilega allt gerst. Afföllin voru orðin umtalsverð og ullarsokkalagerinn yrði brátt á þrotum. Sama dag og gúmmístígvélín hurfu líka og í þeirra stað önnur skilin eftir, fjórum númerum of lítill, gerðist tvennt: Spáð var haugarigningu og mælirinn var fullur.

URRANDI af geðvonsku æddi ég af stað eftir kvöldverkin út í myrkur og slagviðri í einu búðina sem opin er svona seint og selur hlífðarfatnað. Gramsaði þusandi fúl eftir réttum stærðum og gerðum af gúmmístígvélum og öðrum nauðsynjum. Það var ekki fyrr en á leiðinni löngu á afgreiðslukassann sem mér varð ljóst að ég var reyndar klædd náttfötum og þau stungu undarlega í stúf við háu hælaskóna. Sem betur fer býr kona á mínum aldri yfir töluverðri reynslu í að láta sem ekkert sé.

JAFNVEL kaldrifjaðir töffarar fara dálítið á taugum þegar litla rúsínubollan þeirra stígur fyrstu sjálfstæðu skrefin fyrir alvöru og hefur skólagöngu. Þeir dagar liðnir þegar tekið er á móti barninu með faðmlagi af hlýlegu staðforeldri í líki leikskólakennara. Hámarks öryggisgæsla fyrir bí, bómullarlífið búið að eilífu. Framvegis verður litla viðkvæma blóm-ið að bjarga sér upp á eigin spýtur í hörðum heimi, sneisafullum af hrekkjusvínun.

JAFNVEL dásamlegar móttökur í nýja skólanum ná ekki að sefa nema verstu ekkasog foreldranna og fyrstu morgnana þarf að smala þeim út úr skólastofunni með valdi svo kennsla geti hafist. Sem betur fer lifur öryggisleysið fljótlega hjá og fyrr en varir eru foreldrarnir farnir að haga sér nokkuð eðlilega í hinum nýja raunveruleika. Hætt að yfirheyra barnið í paula um öll smáatriði lærdóms, athafna og nýrra félaga og reyna ekki lengur að slá í gegn með flottasta nestis-boxinu. Furðu fljótt beinist athyglin einkum að því hvort vettlingar og húfa hafi skilað sér heim.


GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 5. okóber 2009, 278. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.48	13.16	18.42
Akureyri	7.36	13.01	18.24

Heimild: Almanak Háskólans

» Iceland Express kynnir:

New York New York!

Sala hefst
kl. 12:00
á hádeggi!

Tímamót í flugsamgöngum!
Í júní á næsta ári hefur Iceland Express áætlanarflug til New York og verður flogið fjórum sinnum í viku um Newark-flugvöll.

Loksins, loksins fá íslenskir ferðalangar annan valkost þegar kemur að því að ferðast til Bandaríkjanna.

Bókaðu núna flug til New York á www.icelandexpress.is

» Fyrstu sætin frá:

19.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Iceland Express »
með ánægju